NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Gróðurfar, dýralíf og verndargildi á vegarstæðum í Hofsárdal og Vesturárdal

Guðrún Á. Jónsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Skarphéðinn G. Þórisson,
Berglind Steina Ingvarsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir



Unnið fyrir Vegagerðina

NA-050061
Neskaupstaður
Maí 2005

SAMANTEKT.....5
INNGANGUR.....6
1. HLUTI - GRÓÐURFAR.....7
Inngangur.....7
Gagnaöflun og úrvinnsla.....7
Niðurstöður.....7
Tegundir.....7
Lýsing gróðurlenda (Kort 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 2.5, 2.6).....7
Vesturárdalsleið (Kort 2.1, 2.2, 2.3, 2.4).....8
Frá stöð 8.000 austur fyrir stöð 12.300 (Kort 2.1).....8
Stöðvar 12.300 til 17.700 (Kort 2.1).....8
Stöðvar 17.700 til 20.000 (Kort 2.1, 2.2).....9
Stöðvar 20.000 til 27.500 (Kort 2.2).....9
Vesturárdalsleið um Vesturárdal (Kort 2.2, 2.3, 2.4).....10
Stöðvar 27.500 til 36.500 (Kort 2.2, 2.3).....10
Stöðvar 36.500 til 43.500 (Kort 2.4).....11
Stöðvar 43.500 til 49.000 (Kort 2.4).....11
Vesturárdalsleið um Hofsháls (Kort 2.3).....11
Stöðvar 27.500 til 31.700 (Kort 2.3).....11
Stöðvar 3.700 til 32.700 (Kort 2.3).....12
Stöðvar 32.700 til 36.500 (Kort 2.3).....12
Hofsárdalsleið (Kort 2.5, 2.6).....13
Stöðvar 8.400 til 11.500 (Kort 2.5).....13
Stöðvar 11.500 til 16.300 (Kort 2.5).....13
Stöðvar 16.300 til 21.000 (Kort 2.5, 2.6).....14
Stöðvar 21.000 til 25.500 (Kort 2.6).....14
Hofsárdalsleið hjá Burstafelli (Kort 2.6).....15
Þekja gróðurs (Kort 3.1, 3.2, 3.3., 3.4, 3.5, 3.6).....15
Vesturárdalsleið (Kort 3.1, 3.2, 3.3, 3.4).....15
Sunnan Brunahvammsháls og Sauðaskarðs (Kort 3.1).....15
Sunnan Kálffells og norðan Fossbungu (Kort 3.1).....15
Hlíðar Barkárdals niður undir Hauksstaði (Kort 3.2).....16
Vesturárdalsleið um Vesturárdal (Kort 3.2, 3.3, 3.4).....16
Vesturárdalsleið um Hofsháls (Kort 3.3).....16
Hofsárdalsleið (Kort 3.5, 3.6).....16
Hofsá - Draugagil (Kort 3.5).....16
Draugagil - austur fyrir Fríðufell (Kort 3.5).....16
Fríðufell – Steinvarartunga (Kort 3.5, 3.6).....16
Steinvarartunga – Teigur (Kort 3.6).....16
Hofsárdalsleið hjá Burstafelli (Kort 3.6).....17
Umræða og ályktanir.....17
Samanburður leiða.....17
Vesturárdalsleið frá Kinnarlandi að Hauksstöðum og Hofsárdalsleið frá Kinnarlandi að Tunguá.....17
Vesturárdalsleið um Hofsháls og Vesturárdalsleið um Vesturárdal.....18
Hofsárdalsleið hjá Einarsstöðum og Hofsárdalsleið hjá Burstafelli.....18
Samanburður á Hofsárdals- og Vesturárdalsleið með mismunandi útfærslum.....19

2. HLUTI - DÝRALÍF 21

Inngangur 21

Gagnaöflun 21

Niðurstöður fuglaathuganna 21
Fuglalíf á einstökum svæðum 21
Sameiginlegt vegarstæði fyrir Vesturárdalsleið og Hofsárdalsleið í Kinnarlandi 21
Hofsárdalsleið 22
Sléttlendi við Hofsá innarlega 22
Norðausturendi Bruna að Skerslum ofan við Steinvarartungu 22
Svæðið frá Tunguseli að Veiðihúsi við Hofsá 22
Hofsárdalsleið og Hofshálsleið 23
Vesturárdalsleið 23
Fossheiði 23
Við Brúargil og Ytri-Hlíð 23
Skógalón og Nýpslón 23
Vesturárdalur: Hofshálsleið milli Hauksstaða og Oddsgils 24
Vesturárdalur: vegtenging við Oddsgil 24
Hofsháls 24

Samantekt niðurstaðna 25
Umfjöllun um einstakar fuglategundir 26
Spendýr 30

Umræða og ályktanir 30
Fuglar 30
Spendýr 31

Áhrif veglína á fugla og spendýr 31
Samanburður veglína 32
Hofsárdalsleið 32
Áhrif á fugla 32
Áhrif á spendýr 32
Vesturárdalsleið 32
Áhrif á fugla 32
Áhrif á spendýr 33
Samanburður Hofsárdals- og Vesturárdalsleiðar 33

3. HLUTI - VERNDARGILDI 34

Inngangur 34

Aðferðir 34
Landsvæði 36

Niðurstöður 36
A. Heiðalönd ofan 400 m h.y.s. 36
Lýsing heiðalanda 36
Verndargildi heiðalanda og áhrif vegagerðar 37
a) Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna 37
b) Verndarviðmið óháð afstöðu manna 38
c) Vistfræðileg viðmið 38
B. Vesturárdalsleið - dalshlíðar og láglendi 40

Lýsing Vesturárdals (Þverfellsdals og Barkárdals) 40
Verndargildi dala og láglendis á Vesturárdalsleið og áhrif vegagerðar 40
a) Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna 40
b) Verndarviðmið óháð afstöðu manna 42
c) Vistfræðileg viðmið 42
C. Hofsárdalsleið 44
Lýsing Hofsárdals 44
Verndargildi Hofsárdals og áhrif vegagerðar 45
a) Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna 45
b) Verndarviðmið óháð afstöðu manna 47
c) Vistfræðileg viðmið 48
Lokaorð 49
Heimildir 51
Heimildarmenn 53
VIÐAUKI I – Tegundalistar plantna Vi-1
1. tegundalisti: Vesturárdalsleið frá Kinnarlandi að Hauksstöðum Vi-1
2. tegundalisti: Vesturárdalsleið frá Hauksstöðum að Vopnafjarðarbæ Vi-4
3. tegundalisti: Hofsárdalsleið frá Kinnarlandi að Einarsstöðum Vi-7
4. tegundalisti: Hofsárdalsleið hjá Burstafelli Vi-10
VIÐAUKI II – Vettvangsathuganir - fuglar Vii-1
VIÐAUKI III - Sniðtalningar - fuglar Viii-1
VIÐAUKI IV - Gróðurlykill Viv-1
KORT 72

KORTASKRÁ

Yfirlits- og staðfræðikort

Kort 1: Staðfræðikort- yfirlitskort af athugunarsvæðum og nágrenni **Mkv: 1:175.000**
Kort 2. Yfirlitskort sem sýnir skiptingu svæðis í tólf kortblöð **Mkv: 1:40.000**

Gróðurfarskort

Kort 2.1: Gróðurfar á Vesturárdalsleið frá Brunahvammshálsi að Fossheiði (frá stöð 8.000 að stöð 19.500) **Mkv: 1:15.000**
Kort 2.2: Gróðurfar á Vesturárdalsleið frá Fossheiði að Barkárdal (frá stöð 19.000 að stöð 30.500) **Mkv: 1:15.000**
Kort 2.3: Gróðurfar á Vesturárdalsleið frá Barkárdal að veiðihúsi við Vesturá (frá stöð 29.500 að stöð 37.500)
og gróðurfar á Vesturárdalsleið um Hofsháls með tengingu um Oddsgil (frá stöð 29.000 að stöð 36.500) **Mkv: 1:15.000**
Kort 2.4: Gróðurfar á Vesturárdalsleið frá veiðihúsi við Vesturá að þéttbýli á Vopnafirði (frá stöð 37.000 að stöð 49.000) **Mkv: 1:15.000**
Kort 2.5: Gróðurfar á Hofsárdalsleið frá Bruna að Tungukolli (frá stöð 8.500 að stöð 20.000) **Mkv: 1:15.000**
Kort 2.6: Gróðurfar á Hofsárdalsleið frá Tungukolli að veiðihúsi við Hofsá (frá stöð 19.000 að stöð 31.000) **Mkv: 1:15.000**

Gróðurþekjukort

Kort 3.1: Gróðurþekja á Vesturárdalsleið frá Brunahvammshálsi að Fossheiði (frá stöð 8.000 að stöð 19.500) **Mkv: 1:15.000**
Kort 3.2: Gróðurþekja á Vesturárdalsleið frá Fossheiði að Barkárdal (frá stöð 19.000 að stöð 30.500) **Mkv: 1:15.000**
Kort 3.3: Gróðurþekja á Vesturárdalsleið frá Barkárdal að veiðihúsi við Vesturá (frá stöð 29.500 að stöð 37.500)
og gróðurfar á Vesturárdalsleið um Hofsháls með tengingu um Oddsgil (frá stöð 29.000 að stöð 36.500) **Mkv: 1:15.000**
Kort 3.4: Gróðurþekja á Vesturárdalsleið frá veiðihúsi við Vesturá að þéttbýli á Vopnafirði (frá stöð 37.000 að stöð 49.000) **Mkv: 1:15.000**
Kort 3.5: Gróðurþekja á Hofsárdalsleið frá Bruna að Tungukolli (frá stöð 8.500 að stöð 20.000) **Mkv: 1:15.000**
Kort 3.6: Gróðurþekja á Hofsárdalsleið frá Tungukolli að veiðihúsi við Hofsá (frá stöð 19.000 að stöð 31.000) **Mkv: 1:15.000**


Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um gróðurfar, fuglalíf og verndargildi á vegarstæðum á Hofsárdalsleið og Vesturárdalsleið og mismunandi útfærslum þessara leiða. Gerð er grein fyrir gróðurlendum, tegundafjölbreytni gróðurs, fjölbreytni og þéttleika fugla og verndargildi landslagsheilda er metið. Niðurstöður sýna að gróður er fjölbreyttur á öllum veglínum. Votlendi er meira á Vesturárdalsleið og gróðurþekja er þar yfirleitt meiri en fuglalíf er fjölbreyttara á Hofsárdalsleið. Fuglategundir á válista fundust á báðum leiðum en fleiri á Hofsárdalsleið. Landsvæði á báðum leiðum eru talin hafa verulegt verndargildi en þó er verndargildi landsvæða á Hofsárdalsleið metið meira og meiri hætta á að vegagerð hafi neikvæð áhrif þar. Það er einkum vegna auðugra fuglalífs við Hofsárdalsleið en við Vesturárdalsleið og vegna lífríkis Hofsár.

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gerð úttekt á gróðurfari og fuglalífi á mögulegum vegarstæðum fyrir Vopnafjarðaveg frá þjóðvegi innan við Brunahvamm niður í Vopnafjörð, og einnig var lagt mat á verndargildi þeirra landssvæða sem vegarstæði liggja um.

Vettvangsvinna var gerð 2003 og 2004. Einnig var upplýsinga aflað frá staðkunnugum og úr rituðum heimildum. Við upphaf verks var ekki komin endanleg niðurstaða í hvaða veglínur kæmu til greina t.d. var í byrjun hugmynd um veglínu niður Hofsárdal að vestan. Einnig kom beiðni um rannsóknir á Burstafellsleið ekki fyrr en haustið 2003 og um Vesturárdalsleið niður Vesturárdal ekki fyrr en sumarið 2004. Þetta verð m.a. til þess að gagnasöfnun var gerð í áföngum og í sumum tilfellum hafði þetta neikvæð áhrif á gagnasöfnun og gæði gagna t.d. er mikilvægt að fuglarannsóknir séu gerðar að vori.



1. mynd. Nöfn og lega veglína sem skoðaðar voru.

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður þeirrar úttektar sem gerð var. Skoðaðar voru tvær meginleiðir, Hofsárdalsleið og Vesturárdalsleið með mismunandi útfærslum. Í Hofsárdal var annars vegar skoðuð leið niður dalinn að austan með þverun Hofsár við Þorbrandsstaði og hins vegar Hofsárdalsleið hjá Burstafelli þar sem Hofsá er þveruð innan við Burstafell Einnig voru til skoðunar tvær útfærslur á Vesturárdalsleið. Önnur gerir ráð fyrir vegi niður Vesturárdal en hin að farið sé um hlíðar dalsins innarlega og síðan yfir Hofsháls og áfram niður Hofsárdal. Þá kæmi tenging við Vesturárdal niður með Oddsgili.

Skýrslan er í þremur hlutum og er fjallað um gróðurfar á vegarstæðum í fyrsta hluta, fuglalíf í öðrum hluta og verndargildi landslagsheilda í síðasta hluta.

1. Hluti - gróðurfar

Inngangur

Hér er gerð grein fyrir gróðurfari á vegarstæðum og helstu gróðurlendi og gróðurþekja er færð á kort. Lýst er gróflega tegundasamsetningu gróðurlenda og tegundafjölbreytni þeirra svæða sem hugsanleg vegarstæði liggja um. Gerð er grein fyrir sjaldgæfum eða sérstæðum gróðurlendum og tegundum. Einnig er lagt mat á verðmæti gróðurlenda.

Gagnaöflun og úrvinnsla

Vettvangsathugun var gerð 15. og 16. júlí og 3. september 2003 og 6. september 2004. Vegarstæði voru gengin, gróðri lýst á vegarstæðum og nærliggjandi svæðum og gróðurlendi afmörkuð á loftmynd á um 200 m breiðu belti, þ.e. 100 m. frá miðju vegar í sitt hvora átt. Einnig var gerð úttekt á tegundafjölbreytni og litið eftir sjaldgæfum tegundum á og við vegarstæðin.

Tegundalistar sem gerðir voru 2003 og 2004 eru birtir með skýrslunni. Auk þess var leitað í gagnasafni Náttúrufræðistofnunnar Íslands eftir því hvort áður hafi verið skráðar sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista á eða í nágrenni við vegarstæðin. Umfjöllun um tegundir í þessari skýrslu er byggð á þeirri gagnasöfnun sem fram fór 2003 og 2004 og upplýsingum úr gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Gróðurkort sem fylgja með þessari skýrslu eru byggð á vettvangsvinnu sem unnin var 2003 og 2004. Gróður var kortlagður á myndkort frá Loftmyndum ehf. í eigu Vegagerðarinnar í mælikvarðanum u.þ.b 1:5000. Við kortlagningu var notaður gróðurlykill Náttúrfræðistofnunar Íslands frá árinu 2002 (Viðauki IV) en einnig voru notaðir eldri lyklar. Niðurstöður kortlagningar birtast á tólf kortblöðum (840*297mm) í mælikvarðanum 1:15.000 aftast í þessari skýrslu. Sex kortblöð, kort 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 2.5 og 2.6 sýna gróðurfar og sex kortblöð, kort 3.1, 3.2, 3.3, 3.4, 3.5 og 3.6 sýna gróðurþekju.

Við vettvangsathugun 2003 og 2004 unnu: Berglind Steina Ingvarsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn Guðmundur Þórisson.

Niðurstöður

Tegundir

Tegundafjölbreytni á athugunarsvæðum er töluverð enda spanna þau fjölbreytileg gróðurlendi frá heiðum til láglendis (sjá tegundalista 1-4 í Viðauka I). Ekki fundust friðlýstar tegundir eða tegundir á válista í þessari rannsókn og samkvæmt gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa slíkar tegundir ekki heldur verið skráðar áður á þeim svæðum sem um ræðir.

Lýsing gróðurlenda (Kort 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 2.5, 2.6)

Í lýsingum á gróðurlendum og gróðurþekju er einkum stuðst við stöðvar eða stikur Vegagerðarinnar sem staðsettar voru með 100 m millibili til að sýna legu veglínu frá vestri til austurs, en einnig er stuðst við örnefni þegar því var við komið (Vegagerðin

2003). Á yfirlitskorti eru mismunandi leiðir sýndar og fylgir lýsing gróðurlenda þeim leiðum.

Vesturárdalsleið (Kort 2.1, 2.2, 2.3, 2.4)

Frá stöð 8.000 austur fyrir stöð 12.300 (Kort 2.1)

Stór hluti vegarstæðis liggur á þessu svæði um lítt gróna eða ógróna mela. Gróðurtorfur eru þó hér og þar einkum utan í melkollum í skorningum og lautum. Vestan við Brunahvamm eru aðallega víðimóar og graslendi í þessum gróðurtorfum. Norðaustan við Brunahvamm fer vegarstæðið um lægð með mýradrögum, fjalldrapa og lyngi en liggur síðan áfram um lítt gróna mela austur að stöð 10.000. Þó eru einnig á þessu svæði gróðurtorfur á melunum og eru grávíðir og túnvingull þar oftast áberandi einnig eru blettir með mosagróðri, lyngi eða fjalldrapa. Þar sem móagróður er samfelldari t.d. við stöð 9.000 og 10.200 – 10.500 er hann yfirleitt gróskumeiri en stakir gróðurblettir á melunum. Þar eru áberandi tegundir auk grá- og loðvíðis, fjalldrapi, bláberjalyng, krækilyng og ýmsar grastegundir.



2. mynd. Melur með víðitorfum við stöð 11.200. Ljósm. GÁJ

Milli stöðva 10.000 og 12.300 skiptast á lítt grónir melar, fjalldrapa- eða lyngmóar, mýrar, graslendi og blómlendisræmur. Á melunum sjálfum er víðast mjög gisinn gróður og gróðurþekja innan við 10%. Þar voru þó á stangli tegundir eins og grávíðir og túnvingull og töluvert af blómplöntum svo sem blóðbergi, holtasóley, hvítmöðru og holurt. Ljónslappi myndar einnig sums staðar töluverðar breiður í brekkum og skorningum. Í mýrunum eru tegundir eins og stinnastör og hengistör áberandi og blettir af tjarnastör þar sem blautast er.

Stöðvar 12.300 til 17.700 (Kort 2.1)

Vegarstæðið liggur á þessum kafla í eða við jaðar Bunguflóa sem er allmikið votlendi og sums staðar fer vegarstæðið yfir mýradrög í dældum. Algengar tegundir í mýrunum eru klófífa, hrafnastör og hengistör en tjarnastör þar sem blautara er. Nálægt stöð 14.700 er falleg tjörn kögruð tjarnastör (ljósalykkju) og einnig eru tjarnir milli stöðva 15.500 og 15.700.



3. mynd. Mýrlendi við stöð 11.600 á Vesturárdalsleið. Ljósm. GÁJ

Annars eru á þessari leið lítt eða ógrónir melar og stórgrýtisholt einkum milli stöðva 14.500 og 15.500 og 15.800 og 17.100. Þurrlendisgróður er einkum víðiflesjur og lyngmóar sem eru oft utan í hæðum og sums staðar eru einnig blettir af mosagróðri og graslendi. Töluvert er af fléttum hér og þar í móum á svæðinu. Það eru m.a. fjalla- og mundagrös (*Cetraria islandica* og *Cetrariella delisei*) gulkrókar (*Cladonia uncialis*), breyskja (*Steriocaulon*), skollakræða *(Alectoria ocroleuca)* og hreindýrakrókar *(Cetraria arbuscula)*. Milli

stöðva 17.300-17.500 eru móar með bláberjalyngi, krækilyngi, fjalldrapa og víði á milli mýra- og flóasunda. Í mýrunum eru stinnastör/ mýrastör, hengistör og töluvert um víði en tjarnastör er í flóum.

Stöðvar 17.700 til 20.000 (Kort 2.1, 2.2)

Á bilinu frá stöð 17.700 til 20.000 eru ýmis gróðurlendi, einkum þurrlendi og ber mest á móagróðri, ýmist lyngmóum eða fléttumóum. Gróðursnauðir melar eru á nokkrum stöðum einkum milli stöðva 19.000 og 20.000. Mýra- og flóagróður er einnig á nokkrum stöðum.

Móar eru grófþýfðir og þurrir á vegarstæði milli stöðva 17.700-18.400. Mest áberandi tegundir þar eru grávíðir, loðvíðir og krækilyng og á köflum fjalldrapi og bláberjalyng. Einnig er töluvert um flétturíka móa og eru helstu fléttutegundir, hreindýrakrókar, gulkrókar og fjallagrös.



4. mynd. Séð yfir mólendi og mýrasund, til vesturs frá stöð 17700. Ljósm. GÁJ

Milli stöðva 18.400 og 18.700 er áfram svipaður móagróður og áður en á milli eru mýrasund þar sem hrafnastör, grávíðir og fífa eru algengar tegundir. Austan við stöð 17.800 verður móagróðurinn gisnari eða gróskuminni og þar er yfirleitt smáþýft. Áberandi tegundir þar eru rjúpnalauf, móasef og fléttur. Flóasund eru nálægt stöð 19.100. Þar eru helstu tegundir tjarnastör, hengistör, mýrastör og mýrelfting. Austan við votlendissundið heldur móagróður áfram og eru áberandi tegundir þar krækilyng, fléttur, rjúpnalauf, stinnastör og fjalldrapi ásamt mosa.



5. mynd. Séð yfir mólendi og mýrasund til austurs frá stöð 17.700. Ljósm. GÁJ

Frá stöð 19.500 austur um stöð 20.000 er gróðurlítill melur sunnan við veginn en norðan við vegarstæðið er víðast mólendi af svipaðri gerð og áður er lýst. Einnig er mýrarblettur við stöð 19.500 þar sem hengistör, mýrelfting og tjarnastör eru áberandi.

Stöðvar 20.000 til 27.500 (Kort 2.2)

Frá stöð 20.000 austur fyrir stöð 22.800 er mikið votlendi. Þar eru mýrar með flóastykkjum en á milli eru þó holt með mosa, lyng- eða fléttumóa. Frá stöð 22.800 til 24.000 eru gróðurlendi blandaðri og meira um þurrlendi. Votlendi er síðan milli stöðva 24.000 og 24.400. En svo tekur aftur við þurrlendara svæði allt að stöð 25.800 þar sem er að finna votlendi á dálitlum kafla. Austan við stöð 26.900 er aftur þurrlendara allt að stöð 27.500.

Austan við stöð 20.000 fer vegarstæðið um flóajaðar þar sem tjarnastör er áberandi. Vegarstæðið liggur síðan ýmist um mýrar eða í jaðri mýra allt austur að stöð 22.700. Í mýrunum eru hengistör og stinnastör eða mýrastör algengar tegundir ásamt mýrelftingu og á köflum fjalldrapa, grávíði, klófífu og engjarós. Blettir af tjarnastarar- og klófífuflóum eru hér og þar. Töluvert þurrlendi er þó á köflum, einkum sunnan vegarstæðisins, t.d

milli stöðva 20.300 og 20.600, 21.100 og 21.800, 22.400 og 22.500 og 22.700 og 22.800. Þar er móagróður ríkjandi, ýmist krækilyng, mosi og fléttur á holtum og hryggjum eða fjalldrapa-, víði- eða bláberjalyngsmóar, jafnvel aðalbláberjalyng í dældum. Töluvert er um gilskorninga með gróskumiklum móagróðri t.d nálægt stöð 22.400.



6. mynd. Mýrar við stöð 20.100. Ljósm. GÁJ

Frá stöð 23.100 – 23.600 skiptast á móar og mýrasund. Gróska virðist meiri austan við stöð 23.100 heldur en vestar og er bláberjalyng áberandi bæði í móa og mýri og töluvert um gulvíði. Austan við stöð 23.600 er þurrara og þar eru bláberjalyngs- og fjalldrapamóar en krækilyng á hryggjum og hæðum. Gulvíðir er víða nokkuð áberandi á þessum slóðum og einnig töluvert um stinnastararmóa. Milli stöðva 23.800 og 24.000 eru gróskumiklir bláberjalyngsmóar með fjalldrapa og hávöxnu grasi t.d. snarrótarpunti.

Milli stöðva 24.000 og 24.400 er blaut mýri og jafnvel flói á köflum. Þar eru mýrastör/ stinnastör, hengistör og elfting áberandi tegundir og á köflum fjalldrapi eða tjarnastör. Austan við stöð 24.400 taka við móar ýmist bláberjalyngs- og fjalldrapamóar eða krækilyngs- og mosamóar. Lítil mýradrög eru á milli en graslendisræmur á köflum. Tegundasamsetning í móum og graslendi er svipuð og áður. Það skiptast á gróskumiklir móar með bláberjalyngi, krækilyngi, mosagróður, vallendi með snarrótarpunti og lækjargil með grasi og blómum. Meira fer að bera á bugðupunti eftir sem austar kemur og niður í dalshlíðarnar. Nálægt stöð 24.500 vex dökkasef í flagi.

Austan við stöð 25.800 allt að stöð 26.900 er votlendissvæði en móar með blönduðum lyng- og mosagróðri austan við stöð 26.900 allt að stöð 27.500. Í mýrunum eru helstu tegundir: Mýrastör, mýrelfting, fjalldrapi og bláberjalyng. Fjalldrapamóar með töluverðu grasi eru áberandi í þurrlendinu, bláberjalyng er töluvert í dældum og giljum en móasef er á hólum og hryggjum.

Vesturárdalsleið um Vesturárdal (Kort 2.2, 2.3, 2.4)

Stöðvar 27.500 til 36.500 (Kort 2.2, 2.3)

Austan við stöð 27.500 u.þ.b. þar sem veglínur Hofshálsleiðar og Vesturárdalsleiðar greinast er töluvert mýrlendi víðast á veglínum allt austur fyrir stöð 33.700. Ekki er mikið um samfelld mýrlendi en þó töluverðar spildur á nokkrum stöðum. Mýrlendi er t.d. meira og minna ofan vegar alveg frá stöð 28.000 austur fyrir stöð 30.000 og aftur frá stöð 32.600 austur um stöð 33.700 en minni blettir þar fyrir utan. Algengar tegundir í mýrum eru: Mýrastör, mýrelfting og bláberjalyng og í mýrunum milli stöðvar 28.000 og 30.000 eru auk þess tjarnastör, vetrarkvíðastör og horblaðka á köflum.

Annar algengur gróður á þessu svæði við veglínu eru krækilyngs- og bláberjalyngsmóar, grasmóar með snarrót, vallarsveifgrasi og fleiri grösum og auk þess er móasef víða töluvert áberandi. Mosaþembur og melar eru á nokkrum stöðum og einnig tún.

Aðalgróðurlendi á svæðinu frá 33.700 og 36.500 er mólendi, einkum lyngmóar. Einnig kemur náttúrulegt graslendi og mosagróður fyrir og tún austan við 35.000.

Stöðvar 36.500 til 43.500 (Kort 2.4)

Milli stöðva 36.500 – 37.500 eru mýrar og graslendi mest áberandi gróðurlendin. Graslendi, tún og mólendi eru algengustu gróðurlendin milli 37.500 og 38.500. Milli stöðva 38.500 og 40.300 eru gróðurlendi blönduð. Töluvert er um mýrlendi, graslendi, lyng- og fjalldrapamóa og mosagróður. Milli stöðva 37.800 og 37.900 vex dökkasef.

Kaflinn milli stöðva 40.300 og 43.500 er að mestu þurrlendur en þó er nokkuð um votlendisbletti þar. Algengustu gróðurlendi eru: Mólendi, bæði lyng- og fjalldrapamóar, graslendi og tún. Einnig koma fyrir mýrlendi, flói og mosagróður. Á nokkrum stöðum eru einnig lítt eða ógrónir melar og eyrar. Mýrastör, elfting, hálmgresi og bláberjalyng eru víðast algengustu tegundirnar í mýrum en fleiri mýrategundir koma fyrir.

Stöðvar 43.500 til 49.000 (Kort 2.4)

Mýrlendi er áberandi á vegarstæðinu frá stöð 43.500 að 45.100. Einnig er töluvert um graslendi og bletti af lyngmóum og mosagróðri. Í mýrum eru algengar tegundir mýrastör, mýrelfting og hálmgresi. Sumstaðar er gulstör eða klófífa. Milli stöðvar 44.500 og 45.000 fannst einnig flóastör. Einnig er töluvert um rök flög, oftast hálfgróin flagategundum svo sem sefi, grösum og störum.

Á milli stöðva 45.500 og 46.200 er að mestu þurrlent en þó rakir blettir inn á milli. Mólendi og graslendi eru algengustu gróðurlendin. Þar voru móasefsmóar töluvert áberandi og er töluvert um fléttugróður í lyngmóum á öllu svæðinu. Milli stöðva 45.500 og 45.600 vex dökkasef.

Frá stöð 46.200 að stöð 49.000 skiptast á kaflar með votlendi og þurrlendi. Stærstu votlendiskaflarnir eru norðan við þéttbýlið á Vopnafirði þar sem bæði eru mýrar og flóar á töluverðum kafla. Þar eru ýmsar algengar mýrategundir svo sem mýrastör, hrafnastör, tjarnastör, elfting og hálmgresi. Einnig eru votlendisspildur á fleiri stöðum. Annars er graslendi algengt á þessum vegarkafla og einnig eru blettir af mosagróðri, mólendi og tún.

Vesturárdalsleið um Hofsháls (Kort 2.2, 2.3)

Stöðvar 27.500 til 31.700 (Kort 2.2, 2.3)

Við stöð 27.500 er fyrst fjalldrapamói en u.þ.b. við stöð 28.000 tekur við votlendi á vegarstæðinu og liggur vegarstæðið að mestu um votlendi allar götur austur að stöð 31.700. Frá stöð 31.700 til 32.700 eru blönduð gróðurlendi þar sem á skiptast lítt grónir melar, móar, mosagróin holt og mýrar.



7. mynd. Mýri nálægt stöð 28.500. Þokan að leggjast yfir. Ljósm. SGÞ

Á hinum langa samfellda votlendiskafla milli 28.000 og 31.700 eru þó þurr holt ýmist með mosa- eða móagróðri á víð og dreif. Mosagróðurinn er oft blandaður krækilyngi eða blómplöntum og í móagróðri er krækilyng áberandi en einnig bláberjalyng fjalldrapi og fleiri móategundir. Áberandi í mýrum eru tegundir eins og mýrelfting, bláberjalyng, kornsúra, lyfjagras, mýrastör/stinnastör, hengistör, horblaðka, hálmgresi, hrafnafífa,

engjarós og loðvíðir.
Frá um stöð 30.800 austur fyrir 31.000 eru þurrar brekkurætur sunnan veglínu með bláberjalyngi, fjalldrapa og kornsúru.

Niður með Oddsgilinu niður í Barkárdal eru fyrst mýrar með móaholtum niður að stöð 32.500 en þar fyrir neðan þurrir móar með lyngi, fjalldrapa og mosagróðri.

Austan við stöð 25.800 allt að stöð 26.900 er votlendissvæði en síðan taka við móar með blönduðum lyng og mosagróðri allt að stöð 27.600. Í mýrunum eru helstu tegundir mýrastör, mýrelfting, fjalldrapi og bláberjalyng. Milli stöðva 26.900 og 28.000 eru fjalldrapamóar með töluverðu grasi en bláberjalyng í dældum og giljum. Móasef er áberandi á hólum og hryggjum.

Stöðvar 31.700 til 32.700 (Kort 2.3)

Á milli stöðva 31.700 og 32.000 eru torfur í brekkurótum en votlendi á milli stöðva 32.000 og 32.300. Austan við það liggur línan um þurra móa á kafla eða u.þ.b að stöð 32.700. Lítil gil, misvel gróin, eru sums staðar á svæðinu einkum við stöðvar 31.200 til 31.300.

Stöðvar 32.700 til 36.500 (Kort 2.3)

Milli stöðva 32.700 og 35.200 er töluvert votlendi en þó þurrlendisholt og ásar á milli. Milli stöðva 35.200 og 36.500 er aftur þurrlent og móagróður áberandi.



8. mynd. Mýri á Hofshálsi. Þokan enn að læðast að. Ljósm. SGÞ

Algengar tegundir í votlendinu eru mýrastör/stinnastör, mýrelfting, klófífa, horblaðka og ljósalykkja. Þurrlendið er gróið mosagróðri á holtum og rindum þar sem jarðvegur er lítill en samfelldari móagróðri í brekkum og sums staðar á sléttum móum. Í móum skiptast á krækilyngs-, bláberjalyngs- og fjalldrapamóar.

Þegar komið er niður í brekkurnar ofan við Hof verður þurrlent og skiptast þar á mosagróður, lyngmóar, fjalldrapamóar og einnig er grávíðir töluvert áberandi. Mest er þó um lyngmóa bæði bláberjalyngs- og krækilyngsmóa.

Milli stöðva 36.000 og 36.500 eru tún og graslendi í vegkanti núverandi vegar. Þegar komið er austur á Hofsháls eykst gróskan. Víðir verður áberandi, bæði meiri og hærri, gróskumiklar blágresisbreiður eru í dældum og tegundir eins og gulmaðra, birki, hvítsmári sjást. Einnig lúpína á neðstu melum. Ein reynihrísla fannst einnig sem var um 40 cm á hæð. Nokkrar bláklukkur voru í brekkunni ofan við Hof – þær einu sem sáust í rannsóknum árin 2003 og 2004. Bjöllulilja fannst milli stöðva 34.100 og 34.350.

Hofsárdalsleið (Kort 2.5, 2.6)

Stöðvar 8.400 til 11.500 (Kort 2.5)

Dálítið votlendi er milli stöðva 8.600 og 9.000 en annars er að mestu þurrlendi á þessum kafla. Það skiptast á gróðurlitlir melar og mólendi og sums staðar eru blettir af mosagróðri eða graslendi.

Vegurinn fer suður yfir Hofsá við stöð 8.400 á lítt grónum eyrum en þar vex þó eyrarós og einhverjar fleiri blómplöntur. Vegur liggur síðan um gulvíði -mýri og -móa, hálfblautt á köflum milli stöðva 8.600 og 9.000. Helstu tegundir eru: mýrastör, gul- og grávíðir, gras og bláberjalyng. Þarna er töluverð breiða af bjöllulilju. Í mýrinni er tjarnastör á kafla en einnig eru hengistör og mýrastör algengar.



9. mynd. Horft til vesturs eftir vegarstæði frá stöð 9200. Ljósm. GÁJ

Austan við stöð 9.000 til 9.100 eru móar og melar mest áberandi allar götur að stöð 11.500. Þar er í móum fjalldrapi og bláberjalyng í dældum en krækilyng, mosi og rjúpnalauf á hryggjum. Að stöð 9.700 eru melar með gróðurtorfum. Mest ber á krækilyngi þar sem rýrara er, en bláberjalyngi þar sem er gróskumeira og einnig sjást fjalldrapi og grávíðir víða. Á melum eru staðar torfur af rjúpnalaufi og grávíði ásamt ýmsum blómplöntum.

Við stöð 9.700 er graslendi þar sem töluvert ber á reyrgresi, túnvingli og vallelftingu. Vegarstæðið liggur síðan um móa að stöð 10.700. Móarnir eru ýmist krækilyngs-, fjalldrapa- eða móasefsmóar. Einnig ber töluvert á mosa, sauðamerg, stinnastör og rjúpnalaufi. Örlitlir mýrablettir eru á nokkrum stöðum og litlar blómdældir sjást einnig.

Milli stöðva 10.700 og 11.500 eru lítt eða ógrónir melar áberandi en lyngmóar á milli. Stakar gróðurtorfur með móagróði eru á melum.

Stöðvar 11.500 til 16.300 (Kort 2.5)

Á svæðinu milli stöðva 11.500 og 12.300 er töluvert votlendi á og við vegarastæðið en frá stöð 12.300 til 15.400 er móa- og mosagróður algengastur en dálítið er þó um mýrasund einkum í jöðrum vegarstæðisins.



10. mynd. Horft til vesturs frá stöð 11.200 yfir vegarstæði. Ljósm. GÁJ

Í mýrum á svæðinu milli 11.500- 12.300 eru helstu tegundir: Hengistör, mýrastör og mýrelfting. Víða er einnig bláberjalyng, fjalldrapi eða grávíðir.. Lyngmóar eða móaholt með mosagróðri , krækilyngi og rjúpnalaufi, eru á milli mýrasunda. Bjöllulilja vex við stöð 11.800.

Móagróður er ríkjandi á svæðinu frá stöð 12.300/12.400 - 16.300 og liggur vegarstæðið víða um brekkur. Bláberjalyng, fjalldrapi og krækilyng eru í dældum og brekkum og sauðamergur er algengur. Mosagróin holt og hæðir eru einnig áberandi á stórum hluta þessa svæðis og eru rjúpnalauf og krækilyng gjarnan á holtum og ásum, ásamt mosanum. Fléttur sjást töluvert á svæðinu t.d. maríugrös og gulkrókar. Töluvert er um mýrar hér og þar á svæðinu einkum í jöðrum vegarstæðisins t.d. milli stöðva 14.300 og 15.500 og þar liggur vegarstæðið á kafla um brekkubrún eða hjalla og er votlendi fyrir neðan brekkuna. Gróskumiklir bláberjalyngsmóar eru í brekkunni en rýrari gróður uppi á hjallanum þar sem rjúpnalauf og krækilyng eru helstu tegundirnar. Undir brekku við stöð 16.000 eru vatnsuppsprettur.

Stöðvar 16.300 til 21.000 (Kort 2.5, 2.6)

Frá stöð 16.300 – 19.000 liggur vegarstæðið nánast eingöngu um þurrlendi. Gróður er fremur rýr á stórum svæðum og mikið um gisinn mosa og móagróður. Frá stöð 19.000 til 20.000 eru gróskumeiri móar, mosagróður og votlendisblettir en einnig gróðurlitlir melar inn á milli.

Mosagróður þekur allstór svæði á þessum kafla, víða gisinn og oft blandaður móategundum t.d. krækilyngi eða rjúpnalaufi. Í móalendi er krækilyng einnig mest áberandi þar sem mólendið er rýrt en bláberjalyng þar sem gróskumeira er og skýlla, t.d. í brekkum. Töluvert er um grávíði og fjalldrapi sést einnig víða. Þegar kemur niður í brekku norðan í Skerslum eru sumstaðar gróskumiklir móar vaxnir bláberjalyngi, fjalldrapa og aðalbláberjalyngi.



11. mynd. Slitróttur mólendis- og mosagróður milli stöðva 16.000 og 17.000. Ljósm. GÁJ

Stöðvar 21.000 til 25.500 (Kort 2.6)

Milli stöðva 21.000 og 22.000 eru bláberjalyngsmóar undir brekkurótum norðan vegarstæðis. Síðan kemur graslendisræma og þá fjalldrapamói sunnan vegarstæðis. Milli stöðva 21.000 og 21.500 skiptast á graslendi, lyngmóar og votlendi. Milli stöðva 21.500 og 25.500 eru graslendi og tún mest áberandi en þó eru þar einnig blettir af lyngmóa, mosagróðri, votlendi og gróðurlausum áreyrum.

Lyngmóar eru allgróskumiklir með bláberjalyngi, krækilyngi, jafnvel aðalbláberjalyngi. Í graslendinu er snarrót, túnvingull, hálíngresi og blávingull en hálmgresi þar sem rakara er. Reyrgresi er áberandi nálægt stöð 22.200. Milli 21.000 og 22.000 er mest fjalldrapamói en einnig er mikið um beitilyng og krækilyng. Annars eru ýmist krækilyng eða bláberjalyng mest áberandi í lyngmóum. Víða sést einnig grá- og loðvíðir. Í votlendisblettum vaxa mýrastör, fífa og fleiri votlendis tegundir.

Austan við 22.500 liggur vegarstæðið víða um harðbala gróna snarrótarpunti og fleiri grösum t.d. vallarsveifgrasi, túnvingli og ýmsum fleiri tegundum svo sem krækilyngi, vallhæru og klóelftingu auk háplantna.

Frá stöð 27.000 að 28.800 er víða votlendi ofan vegarstæðisins en graslendi og lynggróður eða tún neðan þess. Austan við stöð 28.500 er þurrlent og ber þar mest á lyngmóum, graslendi og túnum.

Í mýrunum ofan vegar eru mýrastör og mýrelfting mest áberandi en einnig koma þar fyrir aðrar mýrategundir. Neðan vegar er graslendi af svipaðri gerð og innar en sums staðar hefur blásið af hjöllum. Snarrótarpuntur er mest áberandi tegund meðfram veginum.

Frá stöð 28.500 til 29.700 er lyngmói með bláberja- og krækilyngi mest áberandi ofan vegarstæðis en neðan þess eru aðallega tún. Hofsáreyrar eru grónar að hluta og ber þar mest á krækilyngi, grá- og loðvíði, hrossanál og blómplöntum. Norðan Hofsár eru tún, lyngmóar og melar á vegarstæði. Í lyngmóanum er krækilyng mest áberandi.

Hofsárdalsleið hjá Burstafelli (Kort 2.6)

Þar sem vegurinn kemur yfir Hofsá rétt við Tunguá liggur vegarstæðið um og við jaðar Burstafellsskógar. Þar eru til skiptis birkiskógur, skógarkjarr og lyngmóar. Vegarstæðið liggur síðan yfir eyrar, við jaðar skógarkjarrs eða lyngmóa að stöð 24.600. Frá stöð 24.600 að u.þ.b. stöð 26.000 liggur vegarstæðið á stórum hluta um nýgræður. Milli stöðva 26.000 og 27.000 er fjalldrapamói mest áberandi á vegarstæðinu og frá stöð 27.000 að 29.600 eru ýmis gróðurlendi en þó mest nýgræður.

Þar sem vegurinn kemur yfir Hofsá liggur hann um lítt gróna eyri við ána Þar vaxa þó tegundir eins og eyrarrós, skriðlíngresi ofl. Vegarstæðið fer síðan upp bakka vaxinn birkiskógi og lyngi. Eftir stöð 22.800 liggur vegarstæðið að mestu á eyrum en norðan við eru ýmist lyngmóar, kjarr eða fjalldrapamóar. Á eyrunum eru sums staðar graslendis-ræmur þar sem snarrótarpuntur er áberandi, ásamt fleiri grösum og þursaskeggi. Einnig eru blettir af gisnum móagróðri einkum milli stöðva 22.800 og 23.200 og við stöðvar 24.600 til 24.700.

Frá stöð 24.700 liggur vegarstæðið að stórum hluta um nýgræður allt austur að stöð 26.000. Þetta eru svæði sem greinilega hafa verið örfoka melar og eyrar fyrir nokkrum árum en hefur verið ræktað upp og er nú að mestu vaxið grasi og blómplöntum. Austan við Þuríðará (stöð 26.000) eru fyrst fjalldrapa- og lyngmóar en síðan nýgræður og tún við Burstafell. Í lyngmóum er bláberjalyng víða áberandi og eitthvert berjaland. Austan við Burstafellstún taka aftur við nýgræður en á milli ræmur af fjalldrapamóa og litlir blettir af graslendi og lyngmóa.

Þekja gróðurs (Kort 3.1, 3.2, 3.3., 3.4, 3.5, 3.6)

Vesturárdalsleið (Kort 3.1, 3.2, 3.3, 3.4)

Sunnan Brunahvammsháls og Sauðaskarðs (Kort 3.1)

Frá tengingu við Norðausturveg innan við Brunahvamm og austur eftir u.þ.b að stöð 12.000 liggur mikill hluti vegarstæðisins um gróðurlausa mela og stórgrýtisholt. Á milli eru þó gróðurræmur með mismikilli þekju.

Sunnan Kálffells og norðan Fossbungu (Kort 3.1)

Frá stöð 12.000 og austur fyrir bæinn Kálffell skiptast á ógrónir melar og móaspildur þar sem gróðurþekja er að meðaltali 50% - 75% og vel gróin svæði, einkum votlendi með 100% gróðurþekju.

Hlíðar Barkárdals niður undir Hauksstaði (Kort 3.2)

Meiri hluti þessarar leiðar frá stöð 20.000 og niður að stöð 27.500 þar sem veglínur Hofshálsleiðar og Vesturárdalsleiðar skiptast er vel gróin og gróðurþekja er þar víðast 90-100%.

Vesturárdalsleið um Vesturárdal (Kort 3.2, 3.3, 3.4)

Langmestur hluti vegarstæðis niður Vesturárdal er vel gróinn og einungis tiltölulega lítil svæði með minna en 100% gróðurþekju. Stór hluti af vegarstæðum er hins vegar í gróðurlendum sem þegar hefur verið raskað en vegarstæðið liggur að stórum hluta í eða mjög nálægt núverandi vegi um Vesturárdal.

Vesturárdalsleið um Hofsháls (Kort 3.3)

Langmestur hluti leiðarinnar um Hofsháls er vel gróinn. Þannig er gróðurþekja á vegarstæði frá Hauksstöðum að Oddsgili samfelld á meiri hluta vegarstæðis þótt blettir með rofinni gróðurþekju finnist, einkum sunnan Hnauss og Sandfells. Austan við Oddsgil er gróðurþekja gisin á dálitlu svæði en að mestu samfelld á vegarstæði uppi á Hofshálsi. Í hlíðunum Hofsárdalsmegin er gróðurþekja sums staðar samfelld, einkum í mólendi, en meiri hluti vegarstæðis í hlíðinni er þó vel gróinn.

Á vegtenginu niður í Vesturárdal vestan við Oddsgil er gróðurþekja ekki samfelld alls staðar. Þar skiptast á lítt eða ógrónir melar, mólendi þar sem þekja gróðurs er að mestu samfelld og votlendi með 100% gróðurþekju.

Hofsárdalsleið (Kort 3.5, 3.6)

Hofsá - Draugagil (Kort 3.5)

Gróðurþekja á vestasta hluta Hofshálsleiðar er ósamfelld og mikið um ógróna mela og holt. Á milli eru þó fullgrónar spildur einkum í slakkanum við Hofsá og giljum og lægðum. Gróflega áætlað þekur gróður heldur minna en 50% af vegarstæðinu.

Draugagil - austur fyrir Fríðufell (Kort 3.5)

Frá Draugagili og áleiðis austur eftir, sunnan í Fríðufelli er vel gróið. Gróðurþekja er þar víða samfelld eða um 90-100% en þó eru nokkur svæði með gisnari gróðri, sem þekur 75% eða minna.

Fríðufell – Steinvarartunga (Kort 3.5, 3.6)

Á þessari leið er víðast einhver gróðurþekja en mismikil. Nokkrar spildur eru fullgrónar t.d. sunnan undir Fríðufelli, austan við Fríðá og á fleiri minni svæðum. Töluverðir kaflar af þessari leið eru með 50% eða 75% gróðurþekju, t.d. sunnan og suðaustan í Tungukolli og á minni spildum víðar. Nokkur svæði eru með 25% gróðurþekju eða ógróin. Gróflega áætlað þekur gróður milli 50% og 75% af vegarstæðinu á þessari leið.

Steinvarartunga – Teigur (Kort 3.6)

Langir kaflar á þessari leið eru fullgrónir með 90-100% gróðurþekju. Nokkur svæði eru með minni en 90-100 % gróðurþekju, t.d. svæði við Grundir vestan við Einarsstaði, þar sem jaðar vegarstæðisins er á áreyrum og við Hofsá þar sem vegurinn fer yfir ána.

Hofsárdalsleið hjá Burstafelli (Kort 3.6)

Frá Hofsá og austur á móts við Einarsstaði eru ógrónar eyrar á vegarstæðinu og neðan þess en ofan (norðan) vegarstæðis er fullgróið land með kjarri eða móagróðri. Austan við tekur svo við nær algróið land allar götur austur fyrir Burstafellstún. Á þessari leið eru þó á nokkrum stöðum blettir með minna en 100 % gróðurþekju og jafnvel gróðurvana. Austan við Burstafellstún og að Teigará skiptist á algróið land og spildur með að melaðtali um 50 % gróðurþekju. Nokkrir blettir eru einnig ógrónir eða lítt grónir á svæðinu frá Burstafellstúni og að Teigará.

Umræða og ályktanir

Gróður á rannsóknarsvæðunum er fjölbreyttur en misjafnlega gróskumikill. Votlendi eru víða gróskumikil og einnig móagróður í hlíðum, brekkum og giljum. Þurrlendisgróður á heiðum, hryggjum og holtum í dalshíðum er yfirleitt rýrari og gróðurþekja á þeim svæðum er víða ósamfelld. Töluvert er um ógróin svæði einkum á heiðum en einnig í dalshlíðum og láglendi.

Ekki fundust sjaldgæf gróðurlendi á svæðinu. Mjög fjölbreytt gróðurlendi finnast þó við veglínur þar sem þær liggja frá heiðum til láglendis. Verðmæti gróðurs á svæðinu verður að teljast töluvert. Votlendi er víða á rannsóknarsvæðum á öllum veglínum en þau teljast til verðmætra gróðurlenda. Mýrar og flóar sem eru yfir 3 ha að stærð njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er (Lög um náttúruvernd nr. 44/1999). Burstafellsleið liggur við jaðar birkiskógar sem einnig verður að teljast til verðmætra gróðurlenda. Einnig má telja fullgróið og gróskumikið land til gróðurfarslegra verðmæta á Íslandi þar sem gróðurþekja er víða ósamfelld og gróður rýr vegna beitarálags, uppblásturs o.fl.

Ekki fundust friðlýstar tegundir eða tegundir á válista en tvær fremur sjaldgæfar tegundir voru skráðar á rannsóknarsvæðum. Þetta eru dökkasef sem fannst á Vesturárdalsleið (tegundalistar 1 og 2 í Viðauka I) og bjöllulilja sem fannst á Hofsárdalsleið (tegundalisti 3 í Viðauka I).

Samanburður leiða

Vesturárdalsleið frá Kinnarlandi að Hauksstöðum og Hofsárdalsleið frá Kinnarlandi að Tunguá

Vesturárdalsleið liggur yfir fjölbreytt gróðurlendi bæði um þurrlendi og votlendi. Móagróður og mosagróður eru algengustu gróðurlendin í þurrlendi. Þar eru víðimóar eða víðiflesjur með grávíði eða loðvíði áberandi. Einnig lyngmóar þar sem ýmist er ríkjandi krækilyng eða bláberjalyng, fjalldrapamóar, fléttumóar og móar með rjúpnalaufi. Mosagróður er einkum á holtum og utan í gróðurlitlum melum. Mosinn er ýmist einráður eða blandaður lyngi, rjúpnalaufi eða sefi. Graslendi finnst einnig á nokkrum stöðum á vegarstæðinu og litlir blettir af blómlendi. Vesturárdalsleið liggur á stórum köflum í eða við jaðar votlendis. Þar eru mýrastarar/ hengistarar mýrar, elftingamýrar, runnamýrar og tjarnastarar- og klófífuflóar.

Nokkur hluti leiðarinnar liggur um ógróna eða lítt gróna mela og holt, einkum vestan til. Þar sem veglínan liggur um gróið land er gróðurþekja víðast samfelld (>90%), einkum þar sem votlendi er. Gróska í votlendi er almennt töluverð en mismikið í mólendi þar sem skiptast á rýrir móar og gróskumeiri.

Hofsárdalsleið liggur um fjölbreytt gróðurlendi bæði þurrlendi og votlendi. Móar og mosagróður eru langalgengustu gróðurlendin. Algengasta mólendið eru lyngmóar, ýmist krækilyngs- eða bláberjalyngsmóar, einnig koma fyrir fjalldrapamóar og víðimóar. Graslendi er á nokkrum stöðum og litlir blettir af blómlendi. Votlendi er á blettum en ekki samfellt. Votlendið eru mýrar og hálfdeigjur en engir flóar. Mýrarnar eru ýmist mýrastarar/stinnastaramýrar, runnamýrar eða elftingamýrar og í hálfdeigjum eru hrossanál, starir og grös. Nokkur hluti leiðarinnar liggur um ógróna eða lítið gróna mela en mikið af leiðinni liggur um gróið land. Þekja gróðurs á þeim svæðum sem eru gróin er víða ósamfeld, um eða undir 50% en einnig er umtalsverður hluti hennar fullgróinn þ.e. með < 90 % gróðurþekju.


12. mynd. Bjöllulilja nálægt stöð 8.600 á Hofsárdalsleið. Ljósm. GÁJ

Verðmæti gróðurs verður að teljast meiri á heiðalöndum við Vesturárdalsleið vegna þess hve votlent er þar.

Bjöllululiljan sem er fremur sjaldgæf tegund var skráð á tveimur stöðum á Hofsárdalsleið við vettvangsrannsóknir 2003: Nálægt stöð 8.600 á flatlendinu austan Hofsár og við stöð 11.800, austan við Draugagil.

Vesturárdalsleið um Hofsháls og Vesturárdalsleið um Vesturárdal

Vesturárdalsleið um Hofsháls liggur um nokkuð fjölbreytt gróðurlendi. Þar er votlendi algengast en einnig er mikið um mólendi og mosaþembur. Gróðurþekja er samfelld á miklum hluta leiðarinnar og gróska töluverð, einkum í votlendum en á köflum er gróðurþekja minni einkum í mólendum og mosagróðri.

Vesturárdalsleið um Vesturárdal liggur einnig um nokkuð fjölbreytt gróðurlendi. Votlendi, graslendi og móagróður er algengasta gróðurlendið en einnig eru tún á nokkrum stöðum og minni svæði vaxin mosagróðri. Gróðurþekja er samfelld á miklum hluta leiðarinnar og gróska töluverð en hluti leiðarinnar liggur í núverandi vegarstæði eða nálægt því og þar er gróðurlendi þegar raskað.

Gróðurlendi eru fjölbreytt á báðum leiðum og þekja gróðurs víða samfelld. Votlendi eru algeng á báðum leiðum en hlutfallslega meiri á Hofshálsleið. Gróðurlendi í Vesturárdal eru víða röskuð af vegagerð og ýmsum öðrum framkvæmdum.

Bjöllulilja fannst á Hofshálsleið ofan við Hof en dökkasef fannst í Barkárdal, við Öskumel og innarlega við Nýpslón á Vesturárdalsleið. Verðmæti gróðurlenda er töluvert á báðum leiðum.

Hofsárdalsleið hjá Einarsstöðum og Hofsárdalsleið hjá Burstafelli

Hofsárdalsleið hjá Einarsstöðum liggur um nokkuð fjölbreytt gróðurlendi. Þar er að finna graslendi, lyngmóa, fjalldrapamóa, víðimóa, mosagróður, mýrar og tún. Gróðurþekja er samfelld á mestum hluta leiðarinnar en þó eru blettir þar sem gróðurþekja er 50% eða minni og einnig ógrónir blettir. Gróska er mismikil en víðast töluverð.

Gróðurlendi hjá Burstafelli er einnig nokkuð fjölbreytt. Þar er birkiskógur eða kjarr, fjalldrapamóar, lyngmóar, graslendi, nýgræður, tún og smá blettir af mýri og víðimóa.

Gróðurþekja er ósamfelld á töluverðum köflum við austurjaðar Burstafellsskógar og vestan við Teigará. Gróska er töluverð í fjalldrapamóum, lyngmóum og kjarri en almennt lítil í nýgræðum.

Báðar leiðir liggja því um nokkuð fjölbreytt gróðurlendi. Meira er um mýrar á leiðinni hjá Einarsstöðum og einnig er meiri fjölbreytni í mólendi og graslendi á þeirri leið. Á leiðinni hjá Burstafelli þar sem hún kemur yfir Hofsá er jaðar Burstafellsskógar en birkiskógar teljast til verðmætra gróðurlenda. Almennt er gróðurþekja samfelldari og gróska meiri á vegarstæðum hjá Einarsstöðum en þó eru mjög gróskumiklir kaflar á leiðinni hjá Burstafelli t.d. í fjalldrapa og bláberjalyngsmóum og skóg- eða kjarrlendi.

Samanburður á Hofsárdalsleið og Vesturárdalsleið með mismunandi útfærslum

Bjöllulilja fannst á Hofsárdalsleið og Hofshálsleið en hún er fremur sjaldgæf tegund á landsvísu og hefur einkum fundist á norður- og norðausturlandi. Hún hefur verið skráð áður í Vopnafirði í Selárdal.(Náttúrufræðistofnun Íslands 2004, Guðrún Á. Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 1999). Dökkasef er einnig fremur sjaldgæf tegund á landsvísu og vex einkum á Vestfjörðum og Austurlandi. Dökkasef fannst á Vesturárdalsleið á þremur stöðum sem tilheyra bæði veglínu um Hofsháls og Vesturárdal. Dökkasef hefur verið skráð áður í Vopnafirði (Náttúrufræðistofnun Íslands 2004). Sjaldgæfar tegundir fundust því við allar veglínur en engar friðlýstar tegundir eða tegundir á válista.

Hlutfallslega er skipting gróðurlenda svipuð á Hofsárdalsleið og Vesturárdalsleið en þó er umfang votlendis meira á Vesturárdalsleið og umfang mosagróðurs er meira á Hofsárdalsleið (1. tafla) . Einungis lítill hluti Hofsárdalsleiðarinnar liggur um votlendi meðan Vesturárdalsleið liggur um votlendi á mun stærri köflum hvort sem farið er um Hofshálsleið eða um Vesturárdal. Votlendi teljast til verðmætra gróðurlenda (Lög nr. 44/1999) Þannig verður að telja gróðurlendi verðmætari á Vesturárdalsleið en þó ber einnig að taka tillit til verðmæti Burstafellsskógar sem hugsanlega skerðist eitthvað ef Burstafellsleið yrði fyrir valinu.

1. tafla. Samanburður á hlutfallslegri skiptingu gróðurlenda eftir leiðum.

	Mosagróður (A)	Lyngmói (B)	Fjalldrapamói (C)	Víðimói (D)	Þursaskeggs- og sefmói (E, F)	Graslendi (H)	Flétturmói (J)	Nýgræður (K)	Blómlendi og snjódældir (L, I)	Ræktað land (R)	Deiglendi (T)	Mýri (U)	Flói (V)	Ógróið (ey, le, me, mo, na, sk)
Vesturárdalseið um Vesturárdal	6.9%	24.0%	2.7%	3.4%	1.0%	16.8%	1.2%	0.4%	0.9%	4.0%	0.1%	23.7%	5.1%	9.8%
Vesturárdalsleið um Hofsháls*	11.0%	21.5%	2.0%	5.0%	0.2%	3.9%	1.8%	0.0%	1.3%	0.8%	0.2%	33.8%	6.5%	11.9%
Hofsárdalsleið hjá Burstafelli	17.6%	34.5%	13.5%	0.1%	0.4%	4.1%	0.0%	8.0%	0.1%	2.3%	0.1%	7.4%	0.1%	11.7%
Hofsárdalsleið hjá Einarsstöðum	17.9%	35.4%	4.5%	0.3%	0.4%	14.3%	0.0%	0.0%	0.1%	7.3%	0.2%	11.3%	0.1%	8.3%

** ásamt tengingu um Oddsgil*

Nokkuð er um ógróin eða lítt gróin svæði á báðum leiðum en þekja gróðurs á þeim svæðum sem eru gróin er yfirleitt heldur meiri á Vesturárdalsleið. Á það einkum við um efri hluta leiðanna (2. tafla). Gróðurþekja á grónum svæðum á Hofsárdalsleið er víða 50% eða minni en mestur hluti gróinna svæða á Vesturárdalsleið telst fullgróið eða með > 90% gróðurþekju. Á efri hluta Vesturárdalsleiðar að Hauksstöðum þekja fullgróin svæði um 76% leiðarinnar sem kortlögð var en á efri hluti Hofsárdalsleiðar að Tunguá þekja fullgróin svæði um 62% leiðarinnar sem kortlögð var. Gróska er líklega meiri á Vesturárdalsleið þar sem meira er um votlendi en á Hofsárdalsleið þar sem rýr móa- og mosagróður er meira áberandi. Á Hofsárdalsleið eru þó gróskumikil gróðurlendi einkum í giljum og brekkum. Gróðurþekja og gróska er heldur meiri á Vesturárdalsleið.

2. tafla. Samanburður á hlutfallslegri skiptingu gróðurþekju eftir leiðum.

	Fullgróið	Gróðurþekja að meðaltali 75%	Gróðurþekja að meðaltali 50%	Gróðurþekja að meðaltali 25%	Ógróið
Vesturárdalseið um Vesturárdal	79.0%	5.1%	4.7%	1.4%	9.8%
Vesturárdalsleið um Hofsháls*	77.5%	5.5%	3.7%	1.4%	11.9%
Hofsárdalsleið hjá Burstafelli	68.8%	6.9%	8.9%	3.7%	11.7%
Hofsárdalsleið hjá Einarsstöðum	73.1%	8.4%	8.5%	1.7%	8.3%
Hofsárdalsleið að Tunguá	61.9%	10.3%	11.8%	2.6%	13.4%
Vesturárdalsleið að Hauksstöðum	76.5%	4.5%	2.3%	0.8%	15.9%

** ásamt tengingu um Oddsgil*

Verðmæti gróðurlenda á Vesturárdalsleið verður því að öllu samanlögðu að teljast meira en á Hofsárdalsleið vegna meira votlendis og meiri gróðurþekju.

2. Hluti - dýralíf

Inngangur

Hér er gerð grein fyrir dýralífi á vegarstæðum. Lýst er tegundasamsetningu og þéttleika fugla og getið um spendýr. Gerð er grein fyrir hvort fuglar sem settir hafa verið á válista eru á svæðunum og hversu mikilvæg svæðin eru talin fyrir dýralíf.

Gagnaöflun

Í vettvangsathugun voru fuglar taldir dagana 9. og 24. júní og 9., 15. og 16. júlí 2003 og svo aftur 16. maí 2004. Veglínur voru ýmist gengnar í heild eða að hluta til og fuglalíf kannað með úrtakskönnun, óformlegum punktamælingum og sniðtalningum var beitt á hluta svæðisins. (sjá Sniðtalningar í viðauka II). Einnig voru veglínur eknar þar sem því var við komið og fuglar skráðir.

Svæðið frá Hölkná að Tunguá var kannað þann 9. júní 2003. Upphaf athugana var við Hölkná hjá vegpunkti 6.000. Svæðið frá Tunguá út fyrir Hof var kannað 9. og 24. júní og svo 9. og 16. júlí 2003. Fossheiði á Vesturárdalsleið austan núverandi vegar var kannað þann 15. júlí 2003 og svæði í Vesturárdal voru könnuð 9. júlí 2003. Hofshálsinn var kannaður 15. júlí 2003.

Á svæðinu milli Sauðaskarðs og Bunguflóa, í um 438 m h.y.s. að jafnaði voru tekin níu snið þann 9. júní og 9. júlí 2003 og náðu þau yfir 3,12 km². Þau voru mislöng eða frá 200 til 1000 metrar en beltin voru öll 2 x 200 metra breið. Heildarlengd sniðanna var 7800 metrar. Niðurstöður sniðtalninganna lýsa fuglalífi í þeirri hæð sem þau voru tekin.

Auk þess að safna gögnum með vettvangsathugunum var leitað til staðkunnugra heimamanna sem veittu mikilvægar upplýsingar um fugla og spendýr á svæðinu.

Við vettvangsathugun unnu Berglind S. Ingvarsdóttir, Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson.

Niðurstöður fuglaathuganna

Fuglalíf á einstökum svæðum

Hér er fjallað um fuglalíf á einstökum svæðum sem skoðuð voru í tengslum við rannsóknir á fuglalífi á og við möguleg vegarstæði fyrir Vopnafjarðarveg.

Sameiginlegt vegarstæði fyrir Vesturárdalsleið og Hofsárdalsleið í Kinnarlandi

Á þessu svæði er vegarstæði það sama hvort sem Hofsárdals- eða Vesturárdalsleið verða farnar. Veglína Hofsárdalsleiðar sveigir niður að Hofsá stutt innan við Brunahvamm og liggur þar yfir ána. Frá Hölkná liggur veglínan samsíða þjóðvegi um lítt gróna stórgrýtismela með mólendisræmur inn á milli.

Á þessum kafla þar sem veglínur eru sameiginlegar sáust 6 fuglategundir: Fýll, sílamáfur, heiðlóa, þúfutittlingur, steindepill og heiðagæs. Af flestum tegundum sáust fáir fuglar en mest af heiðagæs við Hofsá og voru sumar „ungalegar“ (Viðauki II.1).


Hofsárdalsleið

Sléttlendi við Hofsá innarlega

Veglínan liggur á sléttlendi niður við Hofsá norðan megin og síðan yfir ána og upp á hnullungaeyri og af henni upp á sléttlendi vaxið gulvíði og fjalldrapa og áfram upp á norðausturenda Bruna.

Á þessu sléttlendi við Hofsá sáust 5 fuglategundir: Heiðlóa, þúfutittlingur, skógarþröstur sílamáfur og heiðagæs. Mest sást af heiðagæs en minna var af öðrum tegundum. Heiðagæsahreiður fundust á svæðinu (Viðauki II.2).

Norðausturendi Bruna að Skerslum ofan við Steinvarartungu



13. mynd. Kletttur í Bruna þar sem smyrill vældi. Ljósm. SGÞ

Á þessari leið sáust 11 fuglategundir við vettvangsathuganir 2003. Til viðbótar eru heimildir um a.m.k. eina tegund í Fossárdal. Þær voru misalgengar og sáust sumar tegundir víða en aðrar á afmörkuðum stöðum. Þúfutittlingur, heiðlóa og hrossagaukur sáust og töluvert var um heiðagæs á innri hluta leiðarinnar. Aðrar tegundir sem sáust voru: Álft, fýll, smyrill, lóuþræll, steindepill, snjótittlingur og skógarþröstur. Heiðagæsahreiður fundust við Sauðá og þúfutittlingshreiður við austurenda Fríðufells (Viðauki II.3).

Við Sauðá er töluvert heiðagæsavarp. Varpið var mikið norðan við Hofsá áður fyrr en mikil eggjataka á því svæði í nokkur ár varð til þess að hún færði sig yfir á hinn bakkann (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.).

Fálki og smyrill hafa einnig verpt utan við Foss í Fossárdal (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.)

Svæðið frá Tunguseli að Veiðihúsi við Hofsá



14. mynd. Horft í austnorðaustur eftir veglínu utan í Fríðufelli. Ljósm. SGÞ

Á þessu svæði sáust 19 fuglategundir við vettvangsathuganir 2003 en auk þess eru heimildir um 5 fuglategundir til viðbótar. Algengir fuglar um mest allt svæðið voru: Heiðlóa, hrossagaukur og þúfutittlingur. Í og við Tunguárgili var töluvert um heiðagæs og fýl ásamt ýmsum mófuglum og við Hofsá sáust m.a. straumendur, rauðhöfðaendur, toppönd, óðinshani og kríur. Aðrir fuglar sem sáust á svæðinu við vettvangsathugun eru: Silfurmáfur, steindepill, snjótittlingur, lóuþræll, skógarþröstur, álft, stelkur, maríuerla, sandlóa og kjói (Viðauki II.4 og I.5).

Auk þeirra fugla sem sáust við vettvangsathugun er vitað að smyrill hefur verpt í Tunguárgili og fálki annað slagið. Fálkinn hefur ekki verpt í Tunguárgili síðan árið 1999

eða 2000 og virðist hann hafa verpt til skiptis í Tunguárgili og við Foss í Fossárdal (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.).

Jaðrakan hefur fjölgað á svæðinu síðustu ár. Þeir eru komnir inn að bænum Teigi og eru nokkuð í kring um Hof. Hreiður fannst rétt utan við Egilsstaði. Um það bil 6-8 pör eru talin verpandi og fer þeim fjölgandi (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.)

Branduglur verptu á þessu svæði fyrir nokkrum árum. Eitt par utan við Hof og annað við Burstafell. Þá sjást gulendur oft á Hofsá og nokkrir óðinshanar (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.).

Hofsárdalsleið og Hofshálsleið

Svæðið ofan og utan við bæinn Hof getur bæði orðið fyrir áhrifum af Hofsárdalsleið og Hofshálsleið, en svæðið er nú þegar töluvert raskað af byggingum, ræktun og girðingum. Við vettvangsathugun sáust þarna 13 tegundir fugla. Spói, heiðlóa, hettumáfur og þúfutittlingur voru algengar tegundir. Einnig voru: Sílamáfar, stelkar, hrossagaukar, þúfutittlingar og skógarþrestir nokkuð áberandi en auk þeirra sáust jaðrakan, lóuþræll, kjói og rjúpa (Viðauki II.6 og I.7).

Vesturárdalsleið

Fossheiði

Á svæðinu austan núverandi þjóðvegar og austur fyrir Bunguflóa sáust 5 tegundir fugla við vettvangsathugun. Það eru: Jaðrakan, óðinshani, þúfutittlingur, sendlingur og álft. (Viðauki II.8)

Við Brúargil og Ytri-Hlíð

Á þessu svæði sáust við vettvangsathugun 9 tegundir fugla og ummerki um 2 tegundir til viðbótar. Algengar tegundir á svæðinu eru: Hrossagaukur, spói, heiðlóa, lóuþræll, þúfutittlingur, skógarþröstur, sandlóa og stelkur. Einnig sáust kríur við ána. Í gilinu var greinilegur setstaður hrafns, fálka eða smyrils en engin þessara tegunda sást þar í grennd. (Viðauki II.11 og I.12)

Skógalón og Nýpslón

Nokkuð fjölskrúðugt fuglalíf er við lónið en það var ekki kannað í tengslum við úttekt á fuglum á Vesturárdalsleið. Í lóninu gætir sjávarfalla sem kemur ýmsum tegundum til góða. Þar eru vaðfuglar algengir auk máfa og andfugla. Hettumáfar verpa við lónsbotn en varpið færist til og frá sem er algengt hjá tegundinni. Þá eru þar heiðlóur, stelkar og jaðrakanar og á vorin umferðarfarfuglar eins og rauðbrystingar og tildrur. Æðarfuglar eru einnig á Nýpslóni (Vigfús H. Jónsson, munnlegar upppl.).

Kríur verpa við Nýpslón en stærsta kríuvarpið er í móa út við Ytri-Nýp og norður meðfram veginum. Varpið er á um það bil 1 km² og er varpparafjöldinn áætlaður nokkur hundruð (Vigfús H. Jónsson, munnlegar. uppl.).

Ekki verður séð að fyrirhugaðar breytingar á vegi á þeim kafla sem næst liggur lóninu komi til með að hafa meiri áhrif á fugla en sá sem fyrir er.

Vesturárdalur: Hofshálsleið milli Hauksstaða og Oddsgils

Á þessu svæði sáust 10 tegundir fugla við vettvangsathuganir sumarið 2003. Algengir mófuglar eru: Heiðlóa, þúfutittlingur, hrossagaukur (bæði með hreiður og unga) og lóuþræll. Auk þess sáust sílamamáfur, steindepill, spói og kjói (Viðauki II.9).

Vesturárdalur: vegtenging við Oddsgil

Við vettvangsathugun á þessu svæði sáust: Spói, heiðlóa (og heiðlóuegg), skógarþröstur, sílamáfur, stelkur, jaðrakan og smyrill með a.m.k. 2 fleyga unga (Viðauki II.10)

Hofsháls

Jaðrakan og hrossagaukur sáust uppi á hálsinum (Viðauki II.9) en aðrir fuglar sem sáust á Hofshálsleiðinni voru í hlíðum Vesturárdals eða Hofsárdals og eru nefndir í umfjöllun um þau svæði.

Samantekt niðurstaðna

Í þeim rannsóknum sem gerðar voru fundust upplýsingar um 35 tegundir. Þar af eru 33 tegundir á Hofsárdalsleið, 22 á Vesturárdalsleið um Vesturárdal og 16 á Vesturárdalsleið um Hofsháls (3. tafla). Ef staða tegundanna á svæðinu er skoðuð sést að um þriðjungur tegundanna sem fundust er algengur og álíka margar sjaldgæfar á svæðinu.

3. tafla. Tegundir fugla, fjöldi, hvort tegund er á válista og staða tegundar á veglínum**.** Veglínur: **H** = Hofsárdalsleið, **Vv** = Vesturárdalsleið um Vesturárdal, **Vh** = Vesturárdalsleið um Hofsháls. Við mat á stöðu tegunda er átt við athugunarvæði. ***** um þessar mundir er viðkomandi tegund lítt áberandi, stofn á landsvísu í lægð.

Nr.	Tegund	Taldir fuglar	Válisti	Staða	H	Vv	Vh
1	Fýll	184		Staðbundinn	X		
2	Álft	7		Algeng	X	X	X
3	Heiðagæs	100 pör +		Algengur	X	X	
4	Grágæs	Ekki talið	X	Strjál	X		
5	Rauðhöfðaönd	5		Strjál	X		
6	Stokkönd	2		Sjaldgæf	X		
7	Duggönd	1par		Sjaldgæf		X	
8	Straumönd	6	X	Sjaldgæf	X		
9	Toppönd	1		Sjaldgæf	X		
10	Gulönd	Skv.munnl.uppl.	X	Árviss	X		
11	Smyrill	7		Sjaldgæfur	X	X	X
12	Fálki	2-3pör	X	Sjaldgæfur	X	X	
13	Rjúpa	1		Sjaldgæf *	X	X	X
14	Tjaldur	Ekki talið		Sjaldgæfur	X		
15	Sandlóa	Ekki talið		Strjál	X	X	
16	Heiðlóa	12		Algeng	X	X	X
17	Sendlingur	2		Sjaldgæf		X	X
18	Lóuþræll	7		Algengur	X	X	X
19	Hrossagaukur	12		Algengur	X	X	X
20	Jaðrakan	16		Sjaldgæfur	X	X	X
21	Spói	7		Algengur	X	X	X
22	Stelkur	8		Algengur	X	X	X
23	Óðinshani	4		Strjáll	X	X	X
24	Kjói	3		Strjáll	X		X
25	Hettumáfur	Ekki talið		Algengur	X	X	
26	Sílamáfur	4		Sjaldgæfur	X	X	X
27	Silfurmáfur	4		Sjaldgæfur	X		
28	Kría	10		Staðbundinn	X	X	
29	Brandugla	Skv.munnl.uppl.	X	Óregluleg	X		
30	Þúfutittlingur	12		Algengur	X	X	X
31	Maríuerla	4		Sjaldgæf	X		
32	Steindepill	5		Strjáll	X	X	X
33	Skógarþröstur	9		Algengur	X	X	X
34	Hrafn	7	X	Sjaldgæf	X	X	
35	Snjótittlingur	11		Algengur	X		

Umfjöllun um einstakar fuglategundir

Fýll (*Fulmarus glacialis):*
Hefur takmarkaða varpútbreiðslu í innsveitum Vopnafjarðar. Hann er einkum bundinn við ströndina og skammt inn af henni. Í rannsóknunum voru taldir 184 fýlar í Tunguárgili um 25 km frá sjó. Þetta er staðbundin varpdreifing fýlsins og eru þeir óvíða svo langt frá sjó. Stöku fuglar sjást þó á flögri inn til landsins.

Álft (*Cygnus cygnus):*
Álftin er algengur fugl í heiðalöndunum inn af Vopnafirði. Þar verpa þær víða og nokkuð er þar af geldfuglum. Aðeins voru taldar 13 álftir á svæðinu bæði í tengslum við Hofsárdalsleið og á Fossheiði sem tengist Vesturárdalsleið hvort sem hún fer um Hofsháls eða dalinn. Par með unga og pör á dyngjum sáust. Einhverjar breytingar á álftavarpi virðast hafa orðið á nærliggjandi heiðum og svæðum á síðustu áratugum. - Á Tunguheiði voru til að mynda um 20 pör verpandi milli 1960 og 1970 en þar eru nú fá pör verpandi en nokkuð af fugli sem ekki er í varpi (Anton Gunnarsson, munnlegar uppl.)

Heiðagæs *(Anser brachyrhynchus)*:
Heiðagæsavarp var ekki kannað sérstaklega við þessar veglínur. Varpdreifing er engu að síður vel þekkt á svæðinu. Heiðagæs verpir víða og er mjög algeng um allt svæðið frá Tunguárgili, upp með Hofsá að austanverðu, en mun minna að vestanverðu við Hofsá. Hún er inn með öllum Þverfellsdal alveg inn að Leirvatnskvos og mikið í kringum og vestan við Arnarvatn. Óhætt er að áætla að um 200-300 pör séu verpandi á þessum stöðum. Þá verpa heiðagæsir einnig mikið upp með Selá um Víðilæki og einnig austur í Gnýstaðadal (Anton Gunnarsson, munnlegar uppl.). Heimildir eru um að töluvert heiðagæsavarp sé við Sauðá milli Bruna og Fríðufells (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.). Í júní 1999 voru talin 150-200 hreiður meðfram Hofsá (Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1999).

Grágæs *(Anser anser)*:
Það kom á óvart að hvergi varð vart við grágæsir á þeim svæðum sem voru skoðuð en samkvæmt heimildum eru þær vel þekktar sem varpfuglar víða í Vopnafirði. Meðal annars hafa um 20 pör verpt við Hofsá suðvestan við Deildarfell og grágæs hefur verpt við Hofsá neðan við Egilsstaði og í Refstaðanesi (Anton Gunnarsson, munnlegar uppl.). Tegundin er á válista og flokkuð sem tegund í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Grágæs virðist alveg hafa farið fram hjá rannsóknarfólkinu í Vopnafirði að þessu sinni.

Rauðhöfðaönd *(Anas penelope)*:
Alls voru skráðir 5 rauðhöfðar í þessum rannsóknum, allir á Hofsá austan við Burstarfell. Trúlega verpir tegundin strjált um allt svæðið og þá einnig við svæðið umhverfis aðrar veglínur sem til umfjöllunar eru í þessari skýrslu.

Stokkönd *(Anas platyrhynchos)*:
Trúlega er stokkönd álíka algeng í Vopnafirði eins og á öðrum sambærilegum láglendissvæðum austanlands. Aðeins varð vart við tvo fugla við Hofsá í rannsóknunum en það verður að teljast frekar léleg útkoma fyrir annars algenga tegund. Stokkendur verpa snemma að vorinu og hefðu samkvæmt öllu átt að vera komnar með unga á rannsóknartímanum en virðast hafa farið leynt á meðan á rannsókn stóð.

Duggönd *(Aythya marila)*:
Aðeins eitt par sást á öllu athugunarsvæðinu enda er þessi tegund að jafnaði afar strjál. Duggandarparið sást við Bunguflóa.

Straumönd *(Histrionicus histrionicus)*:
Tegundin er á válista og flokkuð þar sem tegund í nokkurri hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Alls sáust 6 straumendur á Hofsá við Þorbrandsstaði og þar af voru 4 kvenfuglar. Það verður að teljast líklegt að endurnar verpi dreift á svæðinu.

Toppönd (*Mergus serrator)*:
Aðeins 1 fugl var færður til bókar í tengslum við athuganir vegna veglína. En það var karlfugl sem sást á Hofsá. Toppönd verður því að teljast sjaldgæf í Vopnafirði. Tegundin lifir á fiski í ám og vötnum að sumrinu en heldur sig við sjávarstrendur yfir veturinn.

Gulönd *(Mergus merganser)*:
Er á válista og flokkuð þar sem tegund í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Heimildir eru um gulendur á Hofsá en þeirra varð ekki vart í athugunum (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.).

Smyrill (*Falco columbarius)*:
Alls voru 7 smyrlar skráðir í athugunum í tengslum við veglínurnar. Yfirleitt verpa smyrlar strjált og virðast þeir vera með hefðbundna dreifingu á svæðinu. Ekki er útilokað að smyrill verpi í Bruna þar sem vælandi kvenfugl sást. Einn fugl sást í Tunguárgili 8. júní 2003 og vitað er að hann hefur orpið utan við Foss í Fossdal (Grétar Jónsson munnlegar uppl.). Þá var smyrill með tvo unga í gili við Urðarfjall. Líklegur setstaður smyrils var í Brúargili í Vesturárdal. Smyrill tengist því öllum veglínum sem skoðaðar voru.

Fálki *(Falco rusticolus)*:
Vitað er um þrjá varpstaði fálka sem teljast allir vera á mörkum þess að vera of nálægt fyrirhuguðum veglínum í Vesturárdal og Hofsárdal. Þessir staðir eru í Tunguárgili og Fossdal á Hofsárdalsleið. Samkvæmt munnl. uppl. Ólafs K. Nielsen fuglafræðings telst varpstaður fálkans í Fossdal sjálfstætt setur (setur teljast sjálfstæð ef fjarlægð er 5 km eða meiri milli þeirra en nokkrir varpstaðir geta tilheyrt einu fálkasetri). Einnig eru varpstaðir í Valagili og í Urðarfjalli móts við Valagil. Tegundin er á válista og flokkuð sem tegund í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Fálki nýtur sérstakrar verndar og er óheimilt er að koma nærri hreiðri en 500 metra nema með leyfi umhverfisráðherra (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000, Lög nr. 64/1994, reglugerð nr. 456/1994). Samkvæmt Bernarsamningi ber að leggja áherslu á að vernda búsvæði hans (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

Rjúpa *(Lagopus mutus)*:
Svæðin við fyrirhugaðar veglínur eru annáluð fyrir rjúpnaveiði en aðeins 1 fugl sást í rannsóknunum þrátt fyrir að tegundin njóti tímabundinnar friðunar. Þetta var einn karri rétt utan við Hof. Í fuglarannsóknum við Brunahvamm árið 1999 sást líka bara ein rjúpa (Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1999).

Tjaldur *(Haematopus ostralegus)*:
Tegundin kom ekki fram í athugunum í tengslum við fyrirhugaðar veglínur. Í Vopnafirði er vitað um varp úti við Skjaldþingsstaði og við Deildarfell (Anton Gunnarsson munnlegar uppl.).

Sandlóa *(Charadrius hiaticula)*:
Tegundin hefur strjála dreifingu á svæðinu og velur sér mela, sanda, vegkanta og önnur gróðurrýr svæði til varps. Hún var skráð bæði á Hofsárdalsleið og Vesturárdalsleið. Oft er langt á milli hreiðra sandlóu inn til landsins, 1-2 pör á km² en meiri þéttleiki er nær ströndinni.

Heiðlóa *(Pluvialis apricaria)*:
Heiðlóa er algeng tegund á öllu athugunarsvæðinu og á landsvísu. Hún kom fram á öllum veglínunum og mældist í sniðtalningum með þéttleikann 12,8 fuglar á hvern km².

Sendlingur (*Calidris maritima)*:
Aðeins voru skráðir 2 sendlingar í athugunum en það var "ungalegt„ par við Fossheiði. Þetta telst lítið en tegundin er strjál og verpir aðallega til heiða þó svo að sendlingar séu algengir fjörufuglar á veturna.

Lóuþræll *(Calidris alpina)*:
Lóuþrællinn hefur álíka útbreiðslu og heiðlóan og er nokkuð algengur á öllu athugunarsvæðinu. Í sniðtalningu mældist hann með þéttleikann 11,2 fuglar á hvern km².

Hrossagaukur *(Gallinago gallinago)*:
Er strjál tegund við veglínurnar en er annars algeng láglendistegund. Hann var skráður á öllum veglínunum og mældist í sniðtalningum með þéttleikann 0,3 fuglar á hvern km². Hann var áberandi í túnum við Einarsstaði.

Jaðrakan *(Limosa limosa)*:
Tegundinni hefur fjölgað í Vopnafirði síðustu árin. Jaðrakan hefur sést í Hofsárdal inn að Teigi og eru þeir nokkuð í kring um Hof. Hreiður hefur fundist rétt utan við Egilsstaði. Áætlað er að um 6-8 pör séu verpandi á þessu svæði. (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.). Jaðrakan var skráður í athugunum í Hofsárdal, nálægt vegarstæði Hofshálsleiðar í Barkárdal og á Fossheiði. Samkvæmt munnlegum upplýsingum Vigfúsar H. Jónssonar hefur jaðrakan sést við Nýpslón.

Spói *(Numenius phaeopus)*:
Spói er algengur á Íslandi og svo á einnig við um athugunarsvæðin sem voru skoðuð í tengslum við fyrirhugaðar veglínur. Hann er algengari á láglendi en á hálendi. Á þeim sniðum sem voru tekin í þessari könnun reyndist þéttleiki spóans vera 3,2 fuglar á hvern km².

Stelkur *(Tringa totanus)*:
Tegundin er algeng á láglendi Íslands og reyndist einnig vera það í Vopnafirði. Stelkar sáust á öllum veglínunum. Þéttleiki stelka var frekar lítill í sniðtalningum eða 0,3 fuglar á km² í þeirri hæð sem fuglar voru taldir á sniðum, milli Hofsárdals og Vesturárdals.

Óðinshani *(Phalaropus lobatus)*:
Tegundin var strjál á athugunarsvæðinu. Taldir voru 4 fuglar og voru þeir bæði í Hofsárdal og á Vesturárdalsleiðum. Þar af voru 2 varplegir fuglar við Hofsá austan við Burstarfell og 2 á Fossheiði. Óðinshanar sjást oft á Hofsá (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.). Í sniðtalningum reyndist þéttleiki þeirra vera 0,6 fuglar á km².

Kjói *(Stercorarius parasiticus)*:
Kjóinn er strjáll fugl á svæðinu Hann sást á Vesturárdalsleið um Hofsháls og Hofsárdalsleiðum alls 7 fuglar. Þéttleiki hans samkvæmt sniðtalningum er 0,3 fuglar á km².

Hettumáfur *(Larus ridibundus)*:
Sást á Hofsárdalsleið og reyndist algengur þar á neðri/eystri hluta svæðisins við Hof. Hettumáfsvarp er einnig við lónsbotn Skógalóns (Vigfús H. Jónsson munnlegar uppl.).

Sílamáfur *(Larus fuscus)*:
Aðeins voru skráðir 4 sílamáfar á Vesturárdals- og Hofsárdalsleiðum meðal annars utan við Hof og utan við Hauksstaði í Vesturárdal og undir Urðarfjalli. Sílamáfar eiga til að sækja fæðu langt til landsins þótt þeir verpi helst við sjóinn.

Silfurmáfur *(Larus argentatus)*:
Alls voru taldir 4 silfurmáfar á flugi við Tunguárgil á Hofsárdalsleið (2 x 2 fuglar á svipuðu svæði, gætu verið sömu fuglarnir) og voru það fuglar í fæðuleit. Silfurmáfar eins og sílamáfar eiga það til að sækja langt inn til landsins eftir fæðu en verpa helst við sjávarstrendur. Líklegt er að silfurmáfur sé við austasta hluta Vesturárdalsleiðar þótt það hafi ekki komið fram í þessum rannsóknum.

Kría (*Sterna paradisaea)*:
Ekki voru taldar nema 10 kríur í athugunum bæði á Vesturár- og Hofsárdalsleiðum. Þær verpa á eyrum Vesturár og utar í Vopnafirðinum en þessi kríuvörp voru ekki metin í þessum athugnum. Þá voru kríur við Vesturá skammt frá Ytri Hlíð. Þekkt er að kríur verpa við Nýpslón (Vigfús H. Jónsson, munnlegar heimildir).

Brandugla *(Asio flammeus)*:
Tegundin er strjál- og fannst ekki í athugunum 2003 og 2004. Heimildir eru um að eitt par hafi orpið utan við Hof fyrir nokkrum árum og annað par við Burstafell (Grétar Jónsson, munnlegar uppl.). Brandugla er á válista og flokkuð þar sem tegund í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

Þúfutittlingur *(Anthus pratensis)*:
Tegundin er algeng um allt land og kom hún fram á öllum veglínunum. Samkvæmt sniðtalningum reyndist þéttleiki þúfutittlinga vera 7,7 fuglar á km².

Maríuerla *(Motacilla alba*)
Er algeng láglendistegund í Vopnafirði en var sjaldgæf við veglínurnar. Maríuerla verpir við bæi og einnig í klettaskorum, við ár- og lækjafarvegi. Taldar voru 4 maríuerlur í athugunum, allar á Hofsárdalsleið en ætla má að þær sé að finna á öðrum leiðum líka.

Steindepill *(Oenanthe oenanthe)*:
Er strjáll á svæðinu. Hann sást bæði á Vesturár-og Hofsárdalsleið. Aðeins sáust 5 fuglar.

Skógarþröstur *(Turdus iliacus)*:
Er algeng láglendistegund um allt land og sáust þeir á öllum veglínunum. Aðeins sáust 9 fuglar en samkvæmt sniðtalningum er þéttleiki þeirra 0,6 fuglar á km².

Hrafn *(Corvus corax)*:
Alls voru skráðir 7 hrafnar í athugunum í tengslum við Vesturárdals- og Hofsárdalsleiðir. Tegundin er á válista og flokkuð þar sem tegund í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Hrafn hefur verpt í Tunguárgili en þó ekki vorið 2003. Þá er Brúargil í Vesturárdal líklegur setstaður hrafns á svæðinu af ummerkjum að dæma.

Snjótittlingur *(Plectrophenax nivalis)*:
Er algeng tegund á hálendinu en er strjáll á láglendi. Snjótittlingar voru aðeins taldir á Hofsárdalsleið, alls 11 fuglar en líklegt er að þeir finnist við allar veglínur Samkvæmt sniðtalningum reyndist þéttleiki þeirra vera 1,9 fuglar á km²

Auk þeirra fugla sem hér var fjallað um sjást umferðarfuglar svo sem rauðbrystingur og tildra við Nýpslón á vorin (Vigfús H. Jónsson, munnlegar uppl.).

Spendýr

Hreindýr eru vel þekkt á þessum slóðum og svæðið tengist farleiðum dýranna á Austurlandi um Jökuldalsheiði (Skarphéðinn G. Þórisson og Inga Dagmar Karlsdóttir 2001). Hagaganga hreindýra hefur verið viðvarandi, minna nú en áður sem kann að breytast aftur. Síðan árið 2002 hafa hreindýr aukið ferðir sínar um svæðið frá Hárekssstaðahálsi út undir Kinnarland og ber meira á dýrum vestan Hofsár en austan. Síðla hausts 2004 hafa verið þar um 150 dýr sem í eru kýr með kálfa, tarfar og nokkuð af geldum kúm (Anton Gunnarsson, munnlegar uppl.).



15. mynd. Hreinkýr með kálf. Ljósm. SGÞ

Tófur eru algengar á áhrifasvæði veglínanna og í nærliggjandi heiðum. Greni eru þekkt víða og talið er að tófu hafi fjölgað hin síðari ár og er nú meira áberandi í byggð í Vopnafirði. Tófugreni eru t.d. bæði í Brunahvammshálsi og Kálffelli skammt frá núverandi vegi.

Minkur hefur víða útbreiðslu um áhrifasvæði veglínanna. Þeir eru taldir vera með öllum helstu árfarvegum á svæðinu en engar tölulegar upplýsingar eru á reiðu um fjölda þeirra.

Umræða og ályktanir

Fuglar

Áhrifasvæði fyrirhugaðra veglína sem tengjast Vopnafirði er ekki sérstætt á landsvísu og fjölbreytni fuglalífs er væntanlega í meðallagi á rannsóknasvæðum samanlagt miðað við sambærileg svæði. Innan rannsóknasvæða var fjölbreytni meiri í Hofsárdal en Vesturárdal. 33 tegundir fundust í Hofsárdal en 22 í Vesturárdal. Tegundafjöldi nálægt 30 er það sem búast má við miðað við sambærileg láglendissvæði á Íslandi t.d. á Fljótsdalshéraði.

Af þeim 35 tegundum sem skráðar voru og aflað gagna um eru 6 á válista. Fyrir utan válistategundir má benda á heiðagæs sem er áberandi hluti af lífríki svæðisins og telst því mikilvæg tegund (Guðmundur Guðjónsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001). Það má fastlega

gera ráð fyrir því að ýmsar tegundir séu á öllum úttektarsvæðunum sem ekki komu fram í þeim rannsóknum sem gerðar voru t.d. maríuerla á láglendi og snjótittlingur á öllu svæðinu. Einnig vantar tegundir á tegundalista sem teljast verður mjög líklegt að séu til staðar og má þar nefna grágæs sem raunar er staðfest af heimildarmönnum. Best er að kanna afkomu andavarps síðsumars sem ekki var gert sérstaklega í tengslum við þessar veglínur og kann það að valda því að hlutur anda í talningum varð minni en efni eru til. Ekki voru gerðar rannsóknir á fuglalífi við Skógalón og Nýpslón eða austasta hluta Vesturárdalsleiðar um Vesturárdal en það hefði væntanlega bætt við tegundum sem halda sig við sjávarsíðuna.

Spendýr

Þótt hagaganga hreindýra hafi um skeið verið minni á svæðinu en var á árum áður verður svæðið og nærliggjandi heiðar að teljast gott hreindýrabeitiland m.a. vegna þess að þar er fléttugróður ríkulegur. Þá er svæðið hentugt til hreindýraveiða.

Nýgræður í vegkanti nýrra vega laða að hreindýr, og raunar einnig sauðfé og heiðagæsir og gæti hugsanlega valdið slysum sbr. reynslu frá Hárekssstaðaleið.

Áhrif veglína á fugla og spendýr

Sex tegundir sem eru á válista voru skráðar á áhrifasvæðum veglína í þessum rannsóknum. Þessar tegundir eru: Fálki, brandugla, gulönd, straumönd, grágæs og hrafn og ber að skoða sérstaklega áhrif fyrirhugaðrar vegagerðar á þessar tegundir

Taka verður sérstakt tillit til fálka, hvort sem verður fyrir valinu Hofsárdalsleið eða Vesturárdalsleið með því að valda sem minnstri truflun og ónæði á fálkastöðum frá apríl til júlí. Viðvarandi umferð með tilheyrandi truflun getur lagt óðul fálkans í eyði, ekki bara á framkvæmdatímanum heldur einnig þegar vegurinn er kominn í notkun. Því er Vegagerðinni bent á að hnika veglínum frá og helst úr sjónfæri frá þeim fálkastöðum sem eða hugsanlega að skoða mótvægisaðgerð í samráði við fálkasérfræðinga.

Brandugla hefur skv. heimildum orpið við Hof og Burstafell. Hugsanlega gætu Burstafellsleið og Hofshálsleið haft áhrif á varpstaði hennar.

Straumönd og gulönd eru á Hofsánni og öll röskun á og við farveg árinnar því varasöm vegna varpstaða og fæðu þeirra. Hofsárdalsleið hvort sem væri hjá Burstafelli eða Einarsstöðum gæti því haft áhrif á þessar endur.

Hrafn er við veglínur bæði í Vesturárdal og Hofsárdal. Hrafninn er tegund sem talin er í yfirvofandi hættu vegna mikillar fækkunar. Vegaframkvæmdir á hvorri leið sem er geta haft áhrif hrafn.

Grágæs er við Hofsá og raunar má ætla að hún finnist einnig í Vesturárdal þótt það hafi ekki komið fram í þessum rannsóknum. Vegagerð í Hofsárdal gæti haft áhrif á grágæs.

Þeim svæðum fer fækkandi á Austurlandi og víðar þar sem heiðagæsavarp er að mestu friðað vegna landfræðilegra aðstæðna og er aukið aðgengi landsmanna vegna bættra samgangna þar veigamikill áhrifaþáttur. Með nýjum vegum opnast nýjar veiðilendur fyrir skotveiðimenn. Af sömu sökum gefst almenningi tækifæri á að nýta ber og grös á nýjum svæðum. Ljóst er að með nýjum vegi, hvort sem er í Hofsárdal eða á Vesturárdalsleið

mun aðgengi manna að nýjum svæðum batna verulega. Það mun hafa neikvæð áhrif á fugla- og dýralíf á svæðinu enda vel þekkt að umferð manna hefur truflandi áhrif á fugla.

Líklegt er að braut fugla liggi um áhrifasvæði veglínanna til og frá öðrum svæðum. Til að mynda eru þekktar tegundir í Jökuldalsheiði (lómur, toppönd o.fl.) sem liggur beinast við að komi frá sjó um Vopnafjörð og fylgi jafnvel Hofsá upp á hálendið.

Samanburður veglína

Hofsárdalsleið

Áhrif á fugla

Hofsárdalsleið mun að mestum hluta liggja um óraskað svæði frá Bruna út að Einarsstöðum og gefur það svæðinu gildi. Af 35 skráðum tegundum voru 33 sem tilheyrðu þessari veglínu (3 tafla, bls. 25). Búast má við talsverðu raski sem hefði mikil áhrif á fuglalíf.

Fyrirhugaður vegur kemur ekki til með að hafa bein áhrif á varp heiðagæsa sem verpa mikið upp með allri Hofsá að austanverðu frá Tunguá að Kollseyra vegna fjarlægðar frá veginum. Óbein áhrif sem þó má búast við að verði mikil verða af bættu aðgengi manna að varpinu. Fyrirhugaður vegur austan Hofsár mun því væntanlega hafa mikil og neikvæð óbein áhrif á varp heiðagæsa sem nær eingöngu verpa þeim megin árinnar, trúlega af flótta frá eggjatöku ofl. sem viðgengst vestan árinnar. Heiðagæsir verpa einnig mikið í Gnýstaðadal upp af Sunnudal (Anton Gunnarsson, munnlegar uppl.) og mun það svæði einnig opnast betur fyrir mönnum með þessum vegi.

Á Hofsárdalsleið eru 6 tegundir á válista af þeim 33 tegundum sem skráðar voru. Af þessum 6 tegundum eru straumönd og gulönd á Hofsá og röskun á og við farveg árinnar því varasöm vegna varpstaða og fæðu þeirra. Hrafn og fálki hafa orpið við veglínuna og eru hvoru tveggja tegundir á válista. Sérstök verndunarákvæði gilda um fálka á Íslandi sbr. umfjöllun um fálka hér að framan (bls. 25). Brandugla sem einnig er tegund á válista hefur orpið við fyrirhugaða veglínu. Út með Hofsá verpa grágæsir sem eru líka á válista.

Bættur aðgangur manna að svæðinu austan Hofsár hefur ýmsa kosti fyrir fólk en ókosti fyrir fuglalífið. Auðveldara verður fyrir landeigendur og aðra að fara um afréttina. Þá munu veiðimenn eiga kost á að komast á nýjar veiðilendur.

Áhrif á spendýr

Ekki er talið að tilkoma vegar muni hafa fælandi áhrif á tófur á svæðinu. Hin síðari ár hafa hreindýr ekki verið mikið á svæðinu austan Hofsár en talsvert á svokallaðri Hárekksstaðaleið. Þar hefur tilkoma vegar laðað þau frekar að vegna uppgræðslu í vegköntum og á öðrum röskuðum svæðum. Þau hafa vanist umferð og fælast lítt. Ætla má að áhrif af nýrri vegagerð í Vopnafirði verði svipuð.

Vesturárdalsleið

Áhrif á fugla

Af þeim 22 fuglategundum sem skráðar voru í tengslum við Vesturárdalsleið eru þrjár á válista: Hrafn, grágæs og fálki en þessar tegundir hafa orpið við veglínuna. Sérstök lagaákvæði gilda um fálka á Íslandi eins og að framan greinir.

Talsvert heiðagæsavarp er upp með Vesturá í Þverfellsdal, vestan við Arnarvatn og alveg inn að Leirvatnskvos. Með Vesturárdalsleið verður aðgengi að svæðinu væntanlega enn betra en það er nú þegar og gæti það haft neikvæð áhrif á heiðagæsir. Þá er einnig heiðagæsavarp inn með Selá við Víðilæki og yfirleitt er meira varp að austanverðu við þessa farvegi (Anton Gunnarsson, munnlegar uppl.). Álftir verpa einnig víða á þessu svæði og gætu þær orðið fyrir nokkurri truflun og ónæði með tilkomu vegar. Hvergi var mikið af fugli meðfram núverandi vegi í Vesturárdal og því má ályktа að vegagerð þar hafi lítil áhrif á flestar tegundir

Röskun á gróðurlendum mun valda einhverri skerðingu á beitilöndum heiðagæsa eins og annarra beitardýra og á búsvæðum sumra fugla.

Áhrif á fuglalíf verða væntanlega almennt lítil og staðbundin á þessari veglínu en einhver óbein áhrif á heiðagæsir.

Áhrif á spendýr

Vesturárdalsleið liggur að mestu leiti um gróið svæði og eftir núverandi vegi. Búast má við talsverðri röskun og skerðingu á gróðurlendi. Sú röskun mun eitthvað rýra beit fyrir hreindýr og sauðfé. Hugsanlegt er að með tilkomu vegar um Vesturárdalsleið muni hreindýr frekar laðast að en fælast líkt og gerst hefur við Háreksstaðaleið.

Ekki er talið að breytingar á vegstæði muni hafa fælandi áhrif á tófu eða mink á svæðinu.

Samanburður Hofsárdals- og Vesturárdalsleiðar

Fleiri fuglategundir fundust á Hofsárdalsleið en á Vesturárdalsleið og fleiri tegundir sem eru á válista. Fjölbreytni fuglalífs er skv. þeim athugunum sem hér birtast í slöku meðallagi á Vesturárdalsleiðum en góðu meðallagi á Hofsárdalsleiðum. Einnig var fjöldi fugla meiri á Hofsárdalsleið. Ætla má að vegur hvort sem er um Vesturárdalsleið eða Hofsárdalsleið hafi áhrif á heiðagæsir og geti truflað fálka og hrafn. Líklegt er að önnur áhrif á fuglalíf verði lítil og staðbundin við Vesturárdalsleið en töluverð við Hofsárdaleið (4. tafla).

4. tafla. Áhrif Hofsárdalsleiða og Vesturárdalsleiða á fugla og spendýr

	Vesturárdalsleið	**Hofsárdalsleið**
Heiðagæsir	Óbein veruleg áhrif	Óbein veruleg áhrif
Fálki	Veruleg hætta á truflun	Veruleg hætta á truflun
Aðrar válistategundir	Lítil	Hætta á áhrifum
Aðrir fuglar	Lítil og staðbundin	Töluverð áhrif
Tófur	Óveruleg	Óveruleg
Hreindýr	Lítil áhrif	Óveruleg

3. Hluti - verndargildi

Inngangur

Aðferðir við mat á verndargildi svæða og landslags eru enn fremur ómótaðar hérlendis. Jafnvel er ekki vel ljóst hvað átt er við þegar talað er um landslagsheild og skilgreiningar ekki einhlítar. Það skiptir t.d. máli hvort átt er við þau svæði sem mynda sjónræna heild, landslagsgerðir innan svæða eða jafnvel vistgerðir. Skýrsla sem unnin var af Náttúrufræðistofnun um náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla gefur þó mikilvægar forsendur til að styðjast við þegar meta skal verndargildi svæða (Sigmundur Einarsson 2001). Þær forsendur eru byggðar á þeim grundvallarsjónarmiðum sem fram koma í náttúruverndarlögum (nr. 44/1999) og alþjóðlegum samþykktum. Einnig er að finna ítarlega lýsingu á aðferðafræði í skýrslu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (2003), tillögu faghóps 1 í tilraunamati á náttúruverndar og menningarverðmætum og forgagnsröðun virkjunarkosta. Aðferðafræði sem lýst er í þessum skýrslum miðar að því að verið sé að meta náttúruverndargildi eða verðmæti landsvæða með tilliti til virkjunarkosta. Sömu viðmið eiga að einhverju leyti við þegar verið er að meta gildi landsvæða með tilliti til áhrifa vegagerðar.

Áður hafa verið gerðar tilraunir til að meta verndargildi landsvæða þar sem til stendur að leggja nýjar veglínur t.d. vegna vegagerðar að Fáskrúðsfjarðargöngum (Guðrún Á. Jónsdóttir 2001) og yfir Hólmaháls (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2003). Allar þessar aðferðir gefa ýmsar grunnforsendur til að byggja á.

Í þessari greinargerð er gerð tilraun til að leggja mat á verndargildi eða verðmæti svæða sem verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri vegagerð frá hringvegi og niður í Vopnafjörð og áhrif vegagerðarinnar á gildi þessara svæða. Stuðst er við þau matsferli sem að framan er getið og reynt að aðlaga þau verkefninu og þeim gögnum sem tiltæk voru.

Aðferðir

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til í skýrslunni: „Náttúruverndargildi virkjunarsvæða norðan jökla“ að ákveðnar forsendur séu lagðar til grundvallar á mati á verndargildi (Sigmundur Einarsson 2000, bls. 132-136). Í þeirri skýrslu sem hér birtist er valið að miða við þessar forsendur en einnig eru nýttar hugmyndir skýrslu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (2003), tillögu faghóps 1. Útfærslu þessara aðferða er breytt töluvert til aðlögunar að viðfangsefninu og þeim gögnum sem tiltæk voru. Hér á eftir fara forsendur matsins.

Forsendur eru:

a) Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna:

- **Efnahagur.** Fjallað er um hvers konar landnýtingu, ræktun og útivist.
- **Fegurð.** Fjallað er um fegurð út frá fjölbreytileika náttúru, mikilfengleik, útsýni o.fl.
- **Upplýsingagildi.** Fjallað er um hvort náttúra eða fyrirbæri hafi gildi vegna rannsókna eða sé kjörin til notkunar almennri uppfræðslu eða í kennslu. M.a. er hugað að því hvort svæði séu aðgengileg t.d. vegna nálægðar við þéttbýli.

b) Verndarviðmið sem eru óháð afstöðu manna:

- **Fágæti/undur.** Fjallað er um hvort fyrirbæri hafi gildi vegna þess hversu fágætt það er eða það hafi gildi af því að það beri af öðrum t.d. stærst, fallegast, frægast. Hér er átt við tegundir, jarðmyndanir og landslag.
- **Einkenni.** Hér er átt við hvort fyrirbæri sé einkennandi fyrir náttúru svæðisins .

c) Vistfræðileg viðmið:

- **Fjölbreytni.** Fjallað um mikilvægi tegunda og búsvæða til að viðhalda fjölbreytni náttúru og er átt við tegundir og búsvæði.
- **Upprunaleiki/frelsi/ stærð.** Fjallað er um hversu laust fyrirbærið er við afskipti manna og hversu upprunalegt það. Einnig er fjallað um hversu stóra eða samfellda heild er að ræða.
- **Lífsskilyrði**. Fjallað um hvort svæði séu mikilvæg til að tryggja eðlilegan viðgang villtra stofna, sérstaklega mikilvægra lífvera.

Almennt er miðað við að auðugt og fjölbreytt sé verðmætara en rýrt og fábreytt. Að fágætt eða einstætt sé verðmætara en algengt. Að stórt og samfellt og eitthvað sem myndar heild sé verðmætara en lítið og sundurslitið. Við fegurðarmat er auk þess litið til samspils og mikilfengleika. Ekki reyndist unnt að meta markvisst í ákveðna flokka þar sem upplýsingar eru mjög misítarlegar og því er í mörgum tilfellum ómögulegt að fá fram „lokaeinkunn“ fyrir mismunandi svæði.

Að lokum er fjallað um áhrif vegagerðar á svæðin, hvernig vegagerðin hefur áhrif á þau verndarviðmið sem notuð eru. Auk þess er skoðað hvort líklegt sé að vegur hafi áhrif á ásýnd t.d. hvort hann fylgi línum í landslagi eða gróðurlendum eða skeri slíkar línur og hvort hann sjáist t.d. frá byggðum bólum eða útivistarsvæðum.

Þau gögn sem lögð voru til grundvallar eru:

1. Gróðurkort og lýsingar á gróðri og dýralífi (Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn Guðmundur Þórisson , þessi skýrsla).
2. Jarðfræði svæðisins (Hafdís Eygló Jónsdóttir 2005).
3 Samantekt á tillögum Veiðimálstofnunar í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 í tillögum Umhverfisstofnunar um friðlýsingar (Umhverfisstofnun 2003a).
4. Náttúruverndaráætlun 2004-2008, tillögur á Austfjörðum. (Umhverfisstofnun 2003b).
5. Veiðitölur frá Veiðimálstofnun 1998-2003 (Veiðimálstofnun án ártals).
6. Landakort og loftmyndir.
7. Válistar fyrir fugla og plöntur (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996; 2000).
8. Náttúruverndaráætlun (Umhverfisstofnun 2003).
9. Athugasemdir og lýsingar á þeirri landslagsheild sem áhrifasvæði framkvæmda tilheyrir, byggt á vettvangsferðum sem farnar voru í júlí og september 2003 og september 2004.


Landsvæði

Fyrirhuguð vegarstæði byrja á svipuðum slóðum að vestanverðu þ.e. á heiðalöndum í Kinnarlandi nálægt Hölkná en þau skiptast síðan og liggja annars vegar niður Hofsárdal og hins vegar niður Vesturárdal en með mismunandi útfærslum. Hér er fjallað um 3 landslagsheildir:

A. Heiðalönd á Vesturárdalsleið þ.e. svæði ofan við 400 m hæð á svæðinu frá Kinnarlandi að Fossheiði.

B. Dalshlíðar og láglendi, undir 400 m hæð í Vesturárdal.
C. Dalshlíðar og láglendi, undir 400 m hæð í Hofsárdal.

Þessi skipting á svæði var gerð fyrst og fremst til að einfalda umfjöllun um landsvæðin.



16. mynd. Skipting landsvæða í umfjöllun um verndargildi. Hvíta línan sýnir 400 m h.y.s.

Niðurstöður

Hér á eftir er fjallað um verndargildi:

A. Heiðalönd á Veturárdalsleið, þ.e. svæða ofan við 400 m hæð á svæðinu frá Kinnarlandi að Fossheiði.
B. Dalshlíðar og láglendi, undir 400 m hæð í Þverfellsdal, Barkárdal og Vesturárdal.
C. Dalshlíðar og láglendi, undir 400 m hæð í Fossdal og Hofsárdal

Kaflar A og B fjalla um Vesturárdalsleið en C um Hofsárdalsleið. Það er einungis við upphaf leiðarinnar vestast í Kinnarlandi sem lýsingin á heiðalöndum í kafla A á við Hofsárdalsleið en annars liggur Hofsárdalsleið liggur að mestu um hlíðar undir 400 m hæð. Vesturárdalsleið liggur um heiðalönd niður í Þverfellsdal og þaðan um hlíðar og láglendi í Barkárdal og Vesturárdal.

A. Heiðalönd ofan 400 m h.y.s.

Lýsing heiðalanda

Landslag er ekki mjög fjölbreytt frá Kinnarlandi að vestan og austur á Fossheiði. Þetta eru efstu drög Hofsárdals og heiðarsvæði þar norðaustur af. Það einkennist af fremur lágum ásum og dældum á milli, en vestast eru brekkur Hofsárdals neðan við grýtt klapparholt.



17. mynd. Horft niður með Hofsá frá Brunahavammshálsi. Ljósm. GÁJ

Líklegast er um grýtta jökulruðningskápu að ræða á vesturhluta svæðisins og e.t.v. að hluta frostveðraða urð. Á heiðalöndum sunnan við Kálffell og austur í Fossheiði liggur vegarstæðið um jökulruðningsása og holt sem liggja í norðaustur - suðvestur stefnu og eru mynduð undir þeim jökli sem síðast skreið yfir svæðið (Hafdís Eygló Jónsdóttir 2005). Gróðurlendi eru rýr á ásum og holtum og sums staðar er lítill sem enginn gróður, en í lægðum og brekkum er gróður víðast allgróskumikill. Móagróður er vestast en votlendi sunnan Kálffells og austur á Fossheiði.

Verndargildi heiðalanda og áhrif vegagerðar

a) Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna

Efnahagur


Beitilönd eru nokkur í Kinnarlandinu og á svæðinu frá Brunahvammshálsi yfir á Fossheiði og sömuleiðis á heiðum austan Hofsár innarlega. Gróska er þó mjög mismikil og víða eru ógróin eða lítt gróin svæði en gróskumeira er á milli. Til dæmis eru gróðurlendi töluvert gróskumikil í Kinnarlandi, í brekkum beggja vegna Hofsár og í votlendi í Bunguflóa. Ekki verður séð að auðræktanlegt land sé á þessum heiðalöndum þótt þar hafi verið bæir á fyrr á tímum og þá einhverjir túnskikar. Engin ræktun er þar nú fyrir utan uppgræðslu Vegagerðarinnar í vegköntum. Helstu núverandi not af heiðalöndunum eru búfjárbeit, væntanlega mest sauðfjárbeit. Þar er einnig stunduð veiði á rjúpu, heiðagæs og eftir aðstæðum veiðar á hreindýrum. Þarna eru tínd heiðagæsaegg og grasatekja er einhver eða svo var a.m.k. áður fyrr og er getið um grasatekju sem hlunnindi býlanna á Mel, Brunahvammi og Arnarvatni (Ármann Halldórsson (ritsj.) 1974). Einnig var silungsveiði talin til hlunninda á þessum býlum og á Kálffelli sem var enn eitt heiðarbýlið (Ármann Halldórsson (ritsj.) 1974).

Kort með reið- og gönguleiðum hefur verið gefið út. Samkvæmt því eru reiðleiðir bæði neðan úr Hofsárdal austan megin inn að eyðibýlinu Mel og þaðan að rústum býlisins Brunahvamms og vestan ár er leið merkt úr Vesturárdal vestan Arnarvatns og áfram til suðurs milli Brunahvammsháls og Súlenda (Ferðafélag Fljótsdalshéraðs 2004).

Efnahagslegt gildi svæðisins er því nokkurt. Ekki verður séð að nýr vegur hafi afgerandi áhrif á nýtingu heiðalandanna til beitar eða skotveiði. Vegur yfir Hofsá inn á heiði (Hofsárdalsleið) gæti opnað ný svæði fyrir skotveiðimenn og náttúruskoðara sem valdið gæti a.m.k. tímabundnum ávinningi en það gætu orðið neikvæð áhrif á lífríki árinnar.

Fegurð

Heiðalöndin frá Kinnarlandi og austur á Fossheiði eru ekki mjög fjölbreytt að útliti en útsýni er vítt og fagurt til heiða og dala og fjöll eins og Súlendur og Þjóðfell setja svip á umhverfið. Vestasti hlutinn í Hofsárdalsdrögum verður að teljast fagur þar sem áin og brekkurnar niður að henni skapa ákveðna heild og víðsýnt er á svæðinu. Þarna eru líka töluverðar andstæður, annars vegar grónar skjólgóðar brekkur og hins vegar berir stórgrýttir ásar. Votlendin í Bunguflóa eru víða falleg með ýmsum litbrigðum og einnig voru fléttumóar á köflum suður af Kálffelli og á Fossheiði sem gefur mólendinu fjölbreytilegan svip.



18. mynd. Fléttumói norðan við Fossbungu. Ljósm. GÁJ

Heildarsvipur heiðalandanna myndi lítið breytast við vegagerð á svæðinu og í flestum tilfellum falla veglínur sæmilega að landslagi einkum Vesturárdalsleið. Brú á Hofsá inni á heiði með aðliggjandi vegi myndi þó skerða það óraskaða svipmót sem innsti hluti Hofsárdals hefur nú og sama má e.t.v. segja um vegagerð frá núverandi vegi niður í Þverfellsdal þótt vegur um það svæði myndi dyljast betur.

Upplýsingagildi

Ekki er hægt að meta hvort svæðið hafi sérstakt upplýsingagildi enda hefur það ekki verið kannað sérstaklega. Minjar eru um búsetu eru á allmörgum stöðum á svæðinu sem gefa því ótvírætt sérstakt gildi í huga flestra og einnig eru tengsl við þekktar íslenskar skáldsögur. Ekki liggur fyrir sérstök úttekt á minjum vegna þessa verkefnis. Svæðið hefur ekki verið nýtt sérstaklega til fræðslu svo vitað sé.

Ekki er hægt að benda á að breytingar á upplýsingagildi hlytust af vegagerð og hugsanlega yrði vegagerð jákvæð fyrir notkun svæðisins til fræðslu þar sem aðgengi batnar.


b) Verndarviðmið óháð afstöðu manna

Fágæti/undur

Engar sérstakar né sérstæðar jarðmyndanir eru kunnar á svæðinu og ekki er heldur hægt að benda á eitthvað fágætt eða undravert í lífríki svæðisins. Ekki er þó hægt að fullyrða að tæmandi úttekt á hugsanlegum undrum svæðisins hafi farið fram og því erfitt að fullyrða um áhrif vegagerðar á þennan þátt.

Einkenni

Á Fossheiði er landslag svipað því og finna má á öðrum heiðum á Íslandi, þ.e. mýrasund og ógróna jökulruðningsása og holt. Víðimóar (víðiflesjur) eru algengar í sendnu mólendi á svæðinu eins og er víða einkennandi á heiðum á norðausturlandi. Móastör og dvergstör eru algengar á þessum heiðalöndunum eins og víða á norðausturlandi. Móastörin er einkum á heiðum en dvergstörin er ekki bundin við heiðalönd. Tröllastakkur sem er dæmigerð heiðaplanta fannst einnig á svæðinu.



19. mynd. Víðimói með fléttum á Fossheiði. Ljósm. SGÞ

Ekki verður séð að vegagerð hafi afgerandi áhrif á einkenni svæðisins.

c) Vistfræðileg viðmið

Fjölbreytni

Fjölbreytni gróðurlenda er í meðallagi á heiðunum miðað við önnur heiðalönd. Þar er mólendi af mismunandi toga og votlendi langalgengustu gróðurlendin. En einnig koma fyrir graslendi, blómlendi og mosagróður. Það finnast þó svæði með töluverðri tegundafjölbreytni einkum þar sem breytileiki er í búsvæðum t.d. við gil, gróskumiklar brekkur og í jöðrum votlendis en á öðrum svæðum er fábreyttara. Um fjölbreytni háplöntutegunda gildir það sama að hún telst vera í meðallagi miðað við heiðalönd.

Vettvangsathuganir benda til að fjölbreytni fuglalífs sé í meðallagi miðað við sambærileg heiðalönd. Lífríki Hofsár er mikilvægt, einnig á heiðarsvæðinu.

Vegagerð á svæðinu myndi ekki hafa afgerandi áhrif á fjölbreytni gróðurlenda en þó má reikna með að gróðurlendi heiðanna séu almennt viðkvæm fyrir uppblæstri og einkum þar sem er þurrlent og sendið. Öll vegagerð um gróið land eyðileggur þann gróður sem er á vegarstæðinu og á hluta svæðisins er votlendisgróður sem talinn er verðmætur. Þverun Hofsár gæti haft áhrif á lífríki árinnar og fuglalíf.

Frelsi, uppruni, samfella

Gróðurlendi á heiðunum bera almennt mikil merki um uppblástur og eru víða rofin. Þar hefur væntanlega verið gróskumeiri og samfelldari gróður fyrr á öldum. Þetta er þó mismunandi milli gróðurlenda og má gera ráð fyrir að votlendin hafi lengi fundist í dældum á heiðunum og hafa þau því töluvert samfellugildi í tíma. Gróðurlendin í Bunguflóa og á Fossheiði tengjast heiðalöndum í Hauksstaðaheiðinni. Bunguflóinn er þegar skorinn af núverandi vegi þannig að svæðið er að hluta til þegar raskað og opið fyrir umferð. Ætla má að fuglalíf og annað dýralíf hafi orðið fyrir einhverjum áhrifum af umferð þar sem þjóðvegurinn liggur um svæðið. Heildarsvipmót landsins er þó að mestu óraskað af mannvirkjum.

Stærð heiðalanda bæði austan og vestan núverandi þjóðvegar gefur þeim gildi sem víðernum[1] (Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, 66. gr.) Svæðið austan Hofsár tengist stórum heiðalöndum sunnan Hofsárdals þ.e. Tunguheiði, Vatnaflóa og Jökuldalsheiði. Svæðið vestan núverandi þjóðvegar á vegarstæði Vesturárdalsleiðar frá Brunahvammi og niður í Þverfellsdal tengist einnig víðlendum heiðalöndum.

Vegur um votlendi myndi skerða samfellugildi þeirra eitthvað en votlendi Bunguflóa eru þó þegar skorin af vegi og votlendin á svæðinu eru almennt frekar ræmur en samfeldar stórar spildur. Vegagerð austur fyrir Hofsá og um svæðið frá Brunahvammi niður í Þverfellsdal fer um óröskuð svæði og minnkar þar með ósrökuð svæði.



20. mynd. Heiðagæs í víðiflesu nálægt vegarstæði á Fossheiði. Ljósm. SGÞ

Lífsskilyrði

Hreindýr og heiðagæsir hafa sérstöðu á svæðinu þar sem það tryggir þeim mikla og fjölbreytta beit og heiðagæsunum gnótt varpstaða einkum á þeim svæðum sem eru einangruð og þar sem aðgegni er lélegt og truflun því lítil eins og sunnan Hofsár. . Lífskilyrði fyrir vatnalíf í Hofsá geta skipt máli.

Lífsskilyrði heiðagæsar og hreindýra gætu breyst eitthvað vegna bætts aðgengis að veiðilendum og varplöndum heiðagæsa. Vegagerð gæti haft áhrif á lífsskilyrði í Hofsá.

[1] *Ósnortið víðerni:* Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

B. Vesturárdalsleið - dalshlíðar og láglendi

Hér er fjallað um hlíðar og láglendi í Þverfellsdal, Barkárdal og Vesturárdal þar sem vegarstæði Vesturárdalsleiðar og Hofshálsleiðar eru.

Lýsing Vesturárdals (Þverfellsdals og Barkárdals)

Þverfellsdalur tengist heiðalöndunum vestast en er austar dregur kallast dalurinn Barkárdalur og síðan Vesturárdalur. Dalirnir dýpka er austar dregur og eru þá umgirtir fjallkollum og hálsum og jafnvel stæðilegum fjöllum svo sem Urðarfjalli.
Landslag er nokkuð fjölbreytt í Þverfellsdal, Barkárdal og Vesturárdal. Áin í dalbotni og nokkrar þverár, sumar með giljum, setja mikinn svip á umhverfið. Dalshlíðar eru almennt vel grónar og dalbotninn er frjósamur og allbreiður yst. Þar eru víða mýrar en þurrir vallendisbakkar meðfram ánni. Ofar í dalnum eru víða melaraðir á brúnum malarhjalla en þar ofan við, í hlíðunum, skiptast á mýrasund og lyngi vaxin holt. Býlin í Vesturárdal eru flest að norðanverðu.

Vesturárdalur og framdalir hans eru myndaðir við rof skriðjökla sem gengið hafa niður frá hálendinu. Í framdölum Vesturárdals er berggrunnurinn að mestu hulinn lausum jarðlögum, þ.e. jökulruðningi og moldarjarðvegi. Í Vesturárdal liðast Vesturáin og beggja vegna ár eru malarhjallar og eru flestir þeirra leifar dalfyllu en einnig eru einhverjir þeirra vísbending um hærri sjávarstöðu í ísaldarlok (Hafdís Eygló Jónsdóttir 2005).

Hofsháls er austan við Urðarfell og Sandfell. Hann er nokkuð breiður og ávalur og rennur að austan saman við klettótta ása er nefnast Hraun (Sigurjón Friðriksson 1974). Við Sandfell eru jökulruðningshólar á vegarstæði og einnig við Oddsgil en þar er einnig hryggur sem líklega er malarás, myndaður úr árframburði í jökulgöngum (Hafdís Eygló Jónsdóttir 2005). Töluvert votlendi er á Hofshálsi og í hlíðunum og gróður allgróskumikill.

Verndargildi dala og láglendis á Vesturárdalsleið og áhrif vegagerðar

a) Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna

Efnahagur

Beitilönd eru í hlíðum Vesturárdals og á Hofshálsi en gróska er þó mismikil. Víða eru gróskumiklir móar eða votlendi t.d á Hofshálsi og í dalshlíðum en á milli rýrari móar, mosagróður eða lítt gróin svæði. Ekki verður séð að ræktanlegt land sé mikið í hlíðunum en eftir að komið er niður fyrir Hauksstaði eru víða tún á láglendi í dalbotninum og væntanlega mætti taka mun meira land til ræktunar í dalbotni m.a. á þeim svæðum sem vegarstæði liggja um.

Helstu núverandi not af hlíðum dalsins eru búfjárbeit, væntanlega mest sauðfjárbeit. Af láglendinu eru helstu not af túnum til heyskapar og beitar, beitilöndum í úthaga og berjalönd eru einhver í dalnum. Skotveiði á rjúpu er stunduð víða á svæðinu eftir aðstæðum en veiði á gæs er mest stunduð á ræktuðu landi á láglendi. Í dalbotninum er verðmæt veiðiá þar sem veiðist lax og mikið af bleikju (Veiðimálstofnun 2005). Ekki er annars þekkt hversu mikið svæðið er nýtt til annarrar ferðamennsku eða útivistar og hvort tekjur eru af slíkri starfsemi. Samkvæmt göngu- og reiðleiðakorti er reiðleið frá Fremri Hlíð upp með Blöndu og reiðleið frá Hauksstöðum inn Barkárdal og síðan upp með Valagilsá vestur fyrir Þverfell og áfram inn heiði (Ferðafélag Fljótsdalshéraðs 2004).

Ætla má að vinna mætti möl og annað byggingarefni úr malarhjöllum á svæðinu. Þá geta laus jarðlög, svo sem áreyrar, á blágrýtissvæðum eins og á Austurlandi haft verulega þýðingu varðandi miðlun neysluvatns í framtíðinni.

Efnahagslegt gildi árinnar og dalbotnsins er mikið en hlíða minna.

Ekki verður séð að nýr vegur hafi afgerandi áhrif á nýtingu dalshlíðanna til beitar, skotveiða eða göngu- og reiðferða. Umferð gæti þó truflað bæði fólk og búpening í haga og valdið slysum á t.d. sauðfé. Vegur yfir svæðið frá núverandi þjóðvegi niður í Þverfellsdal opnar nýja leið og svæði fyrir skotveiðimenn og náttúruskoðara.

Vegur í dalbotni myndi hugsanlega liggja um tún eða svæði sem rækta mætti en það eru nú þegar vegir um þessi svæði og verður nýr vegur ýmist í gamla vegarstæðinu eða að gamla vegarstæðið verður aflagt fyrir nýtt. Það mun því ekki fara mikið meira land undir veg en nú er. Þó verður nýi vegurinn meira mannvirki en núverandi sveitavegur og nútíma vegagerð krefst meira rasks og eitthvað meira landrýmis.

Mikilvægt er að vegurinn rýri ekki gildi Vesturár sem veiðiár og sala á veiðileyfum byggist ekki síst á útiveru í óspilltri náttúru. Því er mikilvægt að vegurinn valdi sem minnstu ónæði fyrir veiðimenn sem leitt gæti til tekjumissis veiðiréttareigenda. Á hinn bóginn getur fjölfarinn vegur einnig styrkt ferðaþjónustu í dalnum.

Fegurð

Vesturárdalur ásamt Barkárdal og Þverfellsdal býður uppá fjölbreytta náttúru. Fallega bugðuð áin í dalbotni gegnir mjög afgerandi hlutverki í ásýnd dalsins. Leirur og lónin við sjóinn, láglendið og byggðin, hálsar sitt hvoru megin, þverár, brekkur, klettar, gil og fjölbreyttur gróður myndar allt fagurt umhverfi. Ekki er sérstaklega mikið víðsýni úr Vesturárdal eða hlíðum hans þar sem ásar á báða bóga afmarka dalinn. Af Hofshálsi er hins vegar töluvert útsýni. Vesturárdalurinn virkar friðsæll.



21. mynd. Séð til Hauksstaða úr dalshlíðinni handan dalsins við vegarstæði Hofshálsleiðar. Ljósm. SGÞ

Heildarsvipur landslags myndi lítið breytast við vegagerð og í flestum tilfellum falla veglínur sæmilega að landslagi t.d. niður Vesturárdal þar sem veglína fellur almennt nokkuð vel að landslagi og fylgir oft mörkum gróðurlenda. Veglína frá heiðinni niður í Þverfellsdal og veglína úr Barkárdal yfir Hofsháls skera dalshlíðar sem yfirleitt eru vel grónar þannig að vegagerð yrði lýti í þessum hlíðum. Hofshálsleiðin þar sem hún liggur um hlíðar Barkárdals og Vesturárdals verður líklega áberandi séð frá býlunum handan árinnar og frá dalbotni a.m.k. á sumum stöðum. Friðsælt yfirbragð dalsins myndi hugsanlega breytast.

Upplýsingagildi

Ekki er hægt að meta það fyllilega en benda má á ýmsa þætti. Þar er hægt að sjá margvíslegar náttúruminjar t.d jökulgarða, leifar af dalfyllu og forna strandhjalla (Hafdís

Eygló Jónsdóttir 2005). Einnig er í dalnum fjölbreytt lífríki t.d. mismunandi gróðurlendi, þar með talið töluverð votlendi og vatnalífríki, einkum í Vesturá og í Skógalóni þar sem lífríki hefur verið kannað (Agnar Ingólfsson og Guðmundur Víðir Helgason 1982). Jökulhörfun hefur verið rannsökuð í Vesturárdal og víðar í Vopnafirði (Þorsteinn Sæmundsson 1995). Vesturárdalur hefur ekki verið nýttur sérstaklega til fræðslu svo vitað sé. Nýpslón og votlendi norðan við bæinn á Vopnafirði eru þó kjörnir staðir til náttúrufræðslu vegna nálægðar við skólann þar.

Ekki er líklegt að vegagerð hafi afgerandi áhrif á upplýsingagildi.

b) Verndarviðmið óháð afstöðu manna

Fágæti/undur

Talið er að ás í hlíð Vesturárdals á Hofshálsleið sé svonefndur malarás sem er setmyndun jökulár sem rann í göngum undir staðnaðri eða hörfandi jökultungu. Vegagerðin flokkar malarása í háan verndarflokk. Malarásar eru þó ekki meðal jarðmyndana sem njóta sérstakrar verndarákvæða skv. lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999). Ekki er vitað um önnur fágæti eða undur í Vesturárdal eða á Hofshálsi en rannsóknir á því eru varla tæmandi.

Vegarstæði hafa verið könnuð allítarlega og ekki fundist neitt sem flokka má sem fágæti eða undur og því ekki líklegt að vegagerð hafi áhrif á þennan þátt.

Einkenni

Eitt af því sem er einkennandi fyrir framhluta Vesturárdals eru malarhjallar sem eru í mismunandi hæð og ná allt inn að Fremri-Hlíð. Meiri hluti hjallanna eru leifar af því seti sem fyllti dalinn þegar jöklar hörfuðu og samfara lækkandi sjávarstöðu rauf áin sig niður í dalfylluna og hjallar mynduðust beggja vegna ár. Hluti hjallanna er einnig ummerki um hærri sjávarstöðu í lok ísaldar (Hafdís Eygló Jónsdóttir)

Reikna má með að háplöntutegundirnar bláklukka og gullsteinbrjótur finnist í Vesturárdal þótt þær hafi ekki komið fram í vettvangsskráningum 2003 (sjá tegundalista í viðauka). Þessar tvær tegundir eru meðal einkennisplantna Austurlands og eru algengar þar en sjaldgæfar utan Austurlands. Ekki er hægt að benda á fuglategundir eða önnur dýr sem eru einkennandi fyrir þetta svæði ef heiðagæs á innsta hluta svæðisins er undanskilin. Hreindýr leggja sjaldan leið sína á svæðið.

Vegagerð og efnistaka gæti haft áhrif á malarhjalla í dalnum en önnur áhrif á einkenni dalsins ættu að verða lítil.

c) Vistfræðileg viðmið

Fjölbreytni

Fjölbreytni gróðurlenda er mikil en mun þó væntanlega teljast í meðallagi miðað við að í dalnum eru fjölbreytt búsvæði og landslag eins og búast má við á svo stóru svæði. Um fjölbreytni háplöntutegunda gildir einnig að það fer eftir í hvaða mælikvarða er skoðað hversu mikil fjölbreytnin er. Það koma fyrir svæði með töluverðri tegundafjölbreytni einkum þar sem breytileiki er í búsvæðum t.d. við gil og gróskumiklar brekkur en á öðrum svæðum er fábreyttara. Að samanlögðu er tegundafjölbreytni líklega í meðallagi í Vesturárdal.

Miðað við þær 22 fuglategundir sem voru skráðar í Vesturárdal við vettvangsrannsóknir 2003 getur fuglalíf ekki talist sérstaklega fjölbreytt þar en afar líklegt er að við frekari gagnaöflun reynist fjölbreytni tegunda meiri og sé í samræmi við sambærileg láglendissvæði á Íslandi (t.d. á Fljótsdalshéraði) eða nærri 30 tegundum. Minkar og tófur eru vel þekkt í Vesturárdal (sjá 2. hluta um fugla og spendýr, bls 28 og 29).

Lífríki leiru og sjávarfitja við ós Vesturár hefur ekki verið rannsakað. Ætla má að leiran og fitjarnar auki fjölbreytileika búsvæða og þar með talið lífríks á svæðinu. Leirur og fitjar eru meðal þeirra landslagsgerða sem ber að vernda skv. lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999).

Lífríki Vesturár er talið fjölbreytt og var áin eitt af 24 vötnum og vatnasviðum sem Veiðamálastofnun gerði tillögu um að settar yrðu á náttúruverndaráætlun, og var það byggt á mati á lífauðgi vatnakerfa og stöðu stofna vatnafiska (Umhverfisstofnun 2003a). Svæðið var þó ekki tekið með í formlegri tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun fyrir 2004-2008 (Umhverfisstofnun 2003b).

Vegna fjölbreytts og gróskumikils gróðurfars, og lífríkis Vesturár verður að telja Vesturárdal mikilvægt svæði fyrir fjölbreytni náttúru Vopnafjarðar, Austurlands og jafnvel á landsvísu.

Ekki er líklegt að fjölbreytni gróðurlenda rýrist við vegagerðina en það má reikna með að gróðurlendi í hlíðum séu víða viðkvæm fyrir rofi bæði af vatni og vindi. Gróður á vegarstæðum mun eyðileggjast og í hlíðum dalanna eru töluverðir votlendiskaflar neðan við 400 m en votlendi telst til verðmætra gróðurlenda. Líklegt er að vegagerð um Vesturárdal skerði vaxtarstaði dökkasefs, sem er sjaldgæf plöntutegund, við Hólsgróf, Öskumel og Skógalón.

Ekki er líklegt að vegur um Vesturárdalsleið hafi afgerandi áhrif á fuglalíf almennt eða annað dýralíf en gæti haft staðbundin áhrif á fálka.

Ekki er líklegt að vegagerðin hafi áhrif á fjölbreytni lífríkis Vesturár þar sem hann liggur yfirleitt í nægilegri fjarlægð frá henni. Rétt er þó að hafa í huga að þessi vegur verður meira mannvirki og krefst meira rasks en núverandi vegur og umferð um hann verður meiri. Þannig þarf að gæta þess við vegagerðina sjálfa að rask verði sem minnst bæði á fiskgengu og ófiskgengu svæði árinnar. Hluti ófiskgengs svæðis hefur verið notaður til uppeldis á seiðum og smáum laxaseiðum hefur verið dreift á grýtt svæði með góðum árangri. Því ber að forðast allt rask við ána þar sem góð búsvæði eru fyrir laxaseiði. Malartekja úr ánni er mjög viðkvæm á öllum slíkum svæðum. Einnig væri rétt að vegarstæðið og skeringar í kringum það séu vel frá ánni til að mynda ef óhapp verður á vegi, olíubíll veltur eða önnur mengandi efni berast frá veginum (Veiðimálastofnun óbirt).

Frelsi, uppruni, samfella

Gróðurlendi í hlíðum Þverfellsdals, Barkárdals og Vesturárdals bera almennt merki um uppblástur og eru þau sums staðar rofin. Þar hefur líklega á fyrri öldum verið gróskumeiri og samfelldari gróður. Votlendin eru væntanlega upprunalegust og þau ná yfir umtalsverð svæði bæði á innsta hluta í Þverfellsdal, Barkárdal, í hlíðum Vesturárdalsins og á Hofshálsi. Innsti hluti dalanna tengist víðernum norðvestan við. Gróðurlendi á

láglendi í Vestrárdal bera almennt merki um mannleg umsvif og nýtingu Þar eru tún og önnur ræktun, vegarslóðar og uppblástur.

Svæðin á láglendi og dölunum eru afmörkuð af fjallkollum og hálsum. Hofsháls er nokkuð samfelldur hryggur milli dalanna. Fuglalíf í hlíðum og á láglendi hefur þróast í sambýli við þá landnýtingu sem þar er.

Lífríki Vesturár er að mestu óspillt og hefur mikið samfellugildi.

Vegur um votlendi myndi skerða samfellugildi þeirra eitthvað og vegurinn fer um jaðar þess víðernis sem er að finna á heiðalöndunum norðvestan við núverandi þjóðveg. Annað samfellugildi er lítið og breytist líklega ekki við vegagerðina.

Lífsskilyrði

Plöntutegundirnar bjöllulilja sem vex á Hofshálsi í hlíðinni innan og ofan við Hof og dökkasef sem vex á nokkrum stöðum í Vesturárdal frá Hálsgróf að Skógarlóni eru taldar fremur sjaldgæfar á landsvísu (sjá kaflann um gróður). Svæðið er því mikilvægt fyrir þessar tegundir en verður þó tæplega talið ráða úrslitum um viðhald þessara tegunda.


Áin með lífríki sínu er talin hafa mikið verndargildi (Umhverfisstofnun 2003a).

Þrjár fuglategundir sem er á válista fundust á þessari leið. Það eru hrafn, grágæs og fálki.

Ekki liggur fyrir rannsókn á lífríki leira og sjávarfitja fyrir botni Skógalóns en lífríki leiranna er þó ekki talið sérstaklega auðugt (Agnar Ingólfsson og Guðmundur Víðir Helgason 1982). Leirur eru þó almennt mikilvægar fyrir fuglalíf og sjávarfitjar geyma sérstakt lífríki.

Athuganir sem gerðar voru fyrir um 25 árum sýndu að í Skógalóni er eða var a.m.k. auðugt botndýralíf og marhálmsbreiður. Ennfremur að þetta lífríki í lóninu hefur nokkra sérstöðu á Austur- og Norðurlandi (Agnar Ingólfsson og Guðmundur Víðir Helgason 1982).

Líklegt er að vegur um Hofsháls myndi eyðileggja vaxtarstað bjöllulilju þar og vegur um Vesturárdal vaxtarstaði dökkasefs við Öskumel og Skógalón og rýra þannig lífskilyrði þessara tegunda á svæðinu. Ekki er þó líklegt að vegagerðin ráði úrslitum um tilvist þeirra í Vopnafirði. Á löngum köflum liggur vegarstæði um Vesturárdal í núverandi vegarstæði eða fjær Vesturá en núverandi vegur og lífskilyrði fisks og annars lífríkis í ánni ættu því ekki að verða fyrir miklum áhrifum (sbr. umfjöllun um áhrif á fjölbreytni, bls 40). Sjávarfitjar og leirur eru mikilvæg svæði fyrir fugla og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndunar líkt og votlendi (lög um náttúruvernd nr. 44/1999) en vegagerðin ætti ekki að þurfa að skerða þau svæði í Vesturárdal. Vegagerðin gæti truflað fálka.



22. mynd. Uppsprettur undir brekkurótum nálægt Draugagili. Ljósm. GÁJ

C. Hofsárdalsleið

Lýsing Hofsárdals

Hofsárdalurinn er myndaður við rof skriðjökla sem gengið hafa niður frá hálendinu og er svonefndur U-dalur. Í framhluta dalsins er grýtt

jökulruðningslandslag og sums staðar sést í klöpp. Berggrunnurinn er frá fyrri hluta ísaldar vestan til en þegar komið er á móts við Fossbrekkur er komið yfir í eldri berggrunn sem er af tertíer tímanum. Um miðbik Hofsárdals eru malarhjallar beggja vegna ár og eru flestir þeirra leifar dalfyllu en einnig eru einhverjir þeirra vísbending um hærri sjávarstöðu í ísaldarlok (Hafdís Eygló Jónsdóttir 2005).

Landslag er fjölbreytt í Hofsárdal og fjölbreytt gróðurlendi bæði þurrlendi og votlendi. Undirlendi er breytt upp frá fjarðarbotninum og hinn eiginlegi Hofsárdalur er talinn vera innan við Hof (Friðrik Sigurjónsson 1974). Móar og mosagróður eru langalgengustu gróðurlendin í hlíðum Hofsárdals en graslendi og móar í dalbotni.

Verndargildi Hofsárdals og áhrif vegagerðar

a) Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna

Efnahagur

Beitilönd eru nokkur í hlíðum Hofsárdals en gróska er þó mjög mismikil og víða eru ógróin eða lítt gróin svæði einkum í hlíðum dalsins. Ekki verður séð að ræktanlegt land sé í hlíðum innan við Steinvarartungu að neinu marki og engin ræktun er þar nú. Helstu núverandi not af hlíðum dalsins eru búfjárbeit, væntanlega mest sauðfjárbeit.
Ræktað land er töluvert á vegarstæðum beggja vegna Hofsár eftir að komið er niður að Einarsstöðum, og möguleikar eru á frekari ræktun á ýmsum láglendissvæðum. Helstu núverandi not af láglendinu eru þannig af túnum til heyskapar og beitar, beitilöndum í úthaga, berjalöndum og skotveiði sem stunduð er á ræktuðu landi á láglendi.



23. mynd. Sett í lax í Hofsá, rétt austan við þar sem fyrirhugaður vegur um Hofsárdal hjá Einarsstöðum fer yfir Hofsá við veiðihúsið Árhvamm. Í bakgrunni eru Þorbrandsstaðir. Ljósm. KÁ

Hofsá er ein af bestu laxveiðiám landsins en einnig góð silungsveiðiá (Veiðimálastofnun 2005) og dregur að fjölda veiðimanna. Það liggja því verulegir efnahagslegir hagsmunir í gæðum árinnar sem laxveiðiár. Samkvæmt athugasemdum Veiðimálastofnunar til Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðra veglína hefur ófiskgenga svæðið í Hofsá verið notað um langt árabil sem beitarsvæði fyrir laxaseiði sem þar hefur verið sleppt. Hin síðari ár hafa farið fram tilraunir með það að sleppa þar kynþroska löxum sem síðan hrygna á svæðinu. Eftir nokkurra ára tilraunir, þar sem kynþroska laxi var sleppt við Brunahvamm og Mel, hefur sýnt sig að hrygning verður og seiðin þroskast vel, vaxa jafnvel betur en jafnaldrar þeirra niður í Hofsárdal. Hofsá er því verðmæt einnig á heiðarsvæðinu (Veiðimálastofnun, óbirt).

Umhverfi Hofsár er talið fagurt en ekki er vitað um hversu mikilvæg önnur útivist og ferðamennska en veiði í Hofsá og skotveiði er á svæðinu. Reiðleiðir og gönguleiðir á þessu svæði hafa verið merktar á kort. Gönguleið er merkt við Þuríðará innan við Burstafell og liggur hún að Álfkonusteini. Reiðleið liggur frá Einarsstöðum hjá Tunguseli

og upp í hlíðar Tungukolls og svo áfram inn heiði. Einnig er reiðleið merkt frá Þorbrandsstöðum yfir Þorbrandsstaðaháls og svo inn Sunnudal (Ferðafélag Fljótsdalshéraðs 2004).

Efnahagslegt gildi árinnar og dalbotnsins verður að teljast mikið en hlíða fremur lítið.

Ekki verður séð að nýr vegur hafi afgerandi áhrif á nýtingu dalshlíðanna til beitar, eða göngu- og hestaferða. Umferð gæti truflað fólk og búpening í haga og valdið slysum á t.d. sauðfé. Vegur niður Hofsárdal að austan frá Kinnarlandi niður að Einarsstöðum opnar nýtt svæði fyrir skotveiðimenn og náttúruskoðara og gæti aukið straum manna um svæðið. Vegur í dalbotni myndi hugsanlega liggja um tún eða svæði sem ræktа mætti. Það mun þó ekki fara mikið meira land undir veg en nú er. Þó verður nýr vegur meira mannvirki en núverandi sveitavegir og vegagerð krefst meira rasks og því eitthvað meira landrýmis. Hofsá er mjög gjöful og í háum verðflokki laxveiðiáa. Því liggja verulegir hagsmunir undir að gæði árinnar sem laxveiðiár skerðist ekki. Um áhrifin á veiðimenn og sölu veiðileyfa vísast til röksemda um Vesturá hér að framan (bls 41) svo og um öryggisþáttinn ef óhöpp verða með mengandi efni á þessum vegi.

Fegurð

Hofsárdalur telst væntanlega fagur af flestum. Áin í dalbotni gegnir lykilhlutverki í ásýnd dalsins. Láglendið er austast og byggðin sem teygir sig inn Hofsárdalinn sem þrengist síðan er innar dregur og nefnist þá Fossdalur og innst í honum eru falleg gljúfur sem Hofsá hefur grafið. Í innri hluta dalsins er einnig talsverður trjágróður sem gerir dalinn að sannkölluðum unaðsreit. Sitt hvoru megin Hofsárdals eru fjöll og sum þeirra tignarleg svo sem Burstafellið. Þá gefa hliðardalir, þverár, brekkur, klettar, gil og fjölbreytilegur gróður fjölbreytta og fagra mynd. Útsýni er til hafs og fjallgarðanna sunnan við af láglendi og úr hlíðum dalsins.

Fegurðargildi Hofsárdals er því talið mikið.

Heildarsvipur dalsins myndi eitthvað breytast a.m.k. frá sumum sjónarhornum við vegagerðina. Veglína niður bratta hlíðina norðan í Tungukolli sæist t.d. frá ýmsum stöðum í dalnum og það sama má segja að nokkru um veg niður hlíðina ofan við Hof ef Hofshálsleið yrði farin. Víðast hvar utan við Foss mun veglínan „hanga“ í hlíð dalsins og verða nokkuð áberandi séð t.d. hinum megin frá í dalnum. Innan við Foss skiptast á kaflar þar sem veglínan fylgir smá hjöllum í landslaginu og fellur þá sæmilega inn í landslagið og aðrir kaflar þar sem veglína sker brekkurnar. Vegur um láglendi fylgir að stórum hluta vegarslóðum sem fyrir eru, sem oftast fylgja landslagi sæmilega. Þó eru frávik, t.d. neðan við bæinn á Burstafelli, þar sem nýr vegur færi um óbrotið land á kafla.

Upplýsingagildi

Ekki er hægt að meta fyllilega hvort svæðið hafi sérstakt upplýsingagildi enda hefur það ekki verið kannað markvisst en benda má á ýmis atriði. Þar er hægt sjá margvíslegar náttúruminjar t.d. jökulgarða (við Burstafell), leifar dalfyllu og forna strandhjalla (Hafdís Eygló Jónsdóttir 2005). Jökulhörfun hefur verið rannsökuð í Hofsárdal og víðar í Vopnafirði (Þorsteinn Sæmundsson 1995) Fjölbreytt lífríki er í dalnum t.d. mismunandi gróðurlendi þar með talið gróskumikill birkiskógur (Burstafellsskógur) og vatnalífríki er auðugt, einkum í Hofsá (Umhverfisstofnun 2003a, Veiðimálastofnun , óbirt).

Í Hofsárdal má einnig finna fornbýli og eyðibýli, sel, myllur, beitarhús, túngarða, flóðgarða, gamlar réttir og minjar um önnur mannanna verk (Ármann Halldórsson (ritsj.)

1974). Í þessari skýrslu er ekki markvisst tekið tillit til gildi minja þar sem ekki liggur fyrir skýrsla um menningar- og söguminja á svæðinu. Hér er þó getið um minjar sem upplýsingar fundust um.

Hofsárdalur hefur ekki verið nýttur sérstaklega til fræðslu svo vitað sé en á Burstafelli er minjasafn og menningartengd ferðaþjónusta sem væntanlega byggir á umhverfinu.

Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um vegarstæði er ekki líklegt að upplýsingagildi svæðisins skerðist við vegagerðina.

b) Verndarviðmið óháð afstöðu manna

Fágæti/undur

Í Þuríðarárgili hafa fundist leifar af landspendýri í um 330 m h.y.s. (það svæði er fyrir utan framkvæmdasvæðið). Annars er ekki vitað um neitt jarðfræðileg undur í Hofsárdal (Hafdís Eygló Jónsdóttir 2005). Ekki er vitað um undur í lífríki Hofsárdals þótt það sé fjölbreytt og verðmætt. Heimildir eru þó um að á litlum stað í landi Einarsstaða vaxi rauðdröfnótt ber á fingerðu krækilyngi (Ármann Halldórsson (ritsj.) 1974).

Hofsárdalur hefur ekki svo vitað sé verið kannaður markvisst með tilliti til þess hvort eitthvað sé þar fágætt.

Ekki er líklegt að eitthvert fágæti eða undur skerðist við vegagerðina.

Einkenni

Það sem er einkennandi fyrir framhluta Hofsárdals eru malarhjallar sem eru í mismunandi hæð og ná allt inn fyrir Einarsstaði. Hjallarnir í Hofsárdal eru mun meiri um sig en þeir sem finnast í Vesturárdal. Meiri hluti þeirra eru leifar af því seti sem fyllti dalinn þegar jöklar hörfuðu og samfara lækkandi sjávarstöðu skar áin sig niður í dalfylluna og hjallar mynduðust beggja vegna ár. Hluti hjallanna sem finnast í utanverðum dalnum eru ummerki um hærri sjávarstöðu í lok ísaldar. Hjallar líkt og þeir sem finnast í Hofsárdal finnast á mörgum stöðum og er ekki hægt að telja einstaka eða fágæta þar sem meiri hluti þeirra er leifar dalfyllu. Hinsvegar eru þeir mikilfenglegir að sjá sumir hjallarnir í Hofsárdalnum (Hafdís Eygló Jónsdóttir 2005).

Í Hofsárdal fannst sjöstjarna sem er ein af einkennisplöntum Austurlands. Miðað við þekkta útbreiðslu bláklukku og gullsteinbrjóts (Hörður Kristinsson 1986) má einnig búast við að þær finnist í Hofsárdal þótt þær hafi aðeins fundist á Hofshálsi austanverðum í vettvangsskráningum 2003 (tegundalisti í viðauka I). Þessar þrjár tegundir eru meðal einkennisplantna Austurlands og eru algengar þar en sjaldgæfar utan landshlutans. Hreindýr á svæðinu eru einkennandi fyrir Austurland og hafa sérstöðu á landsvísu og heiðagæs telst einnig til mikilvægra tegunda (sjá 2. hluta – dýralíf bls 18).

Vegagerð og efnistaka gæti haft áhrif á malarhjalla í dalnum en ekki er líklegt að önnur einkenni dalsins breytist.

c) Vistfræðileg viðmið

Fjölbreytni

Fjölbreytni gróðurlenda er mikil en væntanlega meðalagi miðað við það sem búast má við á svæðinu enda eru þar fjölbreytt búsvæði. Sé litið til dalshlíðanna annars vegar og láglendis hins vegar er fjölbreytni gróðurlenda líklega nálægt meðallagi. Um fjölbreytni háplöntutegunda gildir það sama og um Vesturárdalinn að það fer eftir við hvað er miðað hversu mikil fjölbreytnin telst. Það koma fyrir svæði með töluverðri tegundafjölbreytni, einkum þar sem breytileiki er í búsvæðum t.d. við gil og gróskumiklar brekkur, en á öðrum svæðum er fábreyttara. Að samanlögðu er tegundafjölbreytni líklega í meðallagi í Hofsárdal.

Fjölbreytni fuglalífs verður að teljast í þokkalegu meðallagi miðað við að svæðið nær frá láglendi til heiða. Lífríki árinnar er talið fjölbreytt og hefur mikið gildi eins og áður hefur komið fram.

Í heild verður að telja Hofsárdalinn, að ánni meðtalinni, mikilvægt svæði fyrir fjölbreytni náttúru Vopnafjarðar, Austurlands og jafnvel á landsvísu og vegur Hofsá þar þyngst. Öll vegagerð um gróið land eyðileggur þann gróður sem er á vegarstæðinu. Ekki er líklegt að vegur um Hofsárdal hefði áhrif á fjölbreytni þar. Í Hofsárdal eru votlendisspildur og birkiskógar á eða við vegarstæði en það eru talin verðmæt gróðurlendi. Einnig má reikna með að gróðurlendi, einkum í hlíðum, séu víða viðkvæm fyrir rofi bæði af vatni og vindi. Líklegt er að vegagerð um Hofsárdalsleið skerði vaxtarstaði bjöllulilju. Brú yfir ána inni á heiði myndi opna ný svæði fyrir skotveiðimenn og náttúruskoðara sem yrði líklega neikvætt fyrir fuglalíf austan Hofsár. Vegagerð og umferð á nýjum vegi gæti truflað fuglalíf á Hofsánni. Vegur um Hofsárdalsleið gæti því haft neikvæð áhrif á fjölbreytni fuglalífs. Hofsá er lífrík og gjöful laxveiðiá og því viðkvæm fyrir hvers konar raski. Vegagerð að Hofsá og brú yfir ána inni á heiði og ný brú niður í Hofsárdal getur haft neikvæð áhrif á lífríki árinnar.

Frelsi, uppruni, stærð

Gróðurlendi í suðurhlíð Hofsárdals bera almennt mikil merki um uppblástur og eru víða rofin. Þar hefur væntanlega fyrr á öldum verið gróskumeiri og samfelldari gróður. Votlendin eru væntanlega upprunalegust. Gróðurlendi á láglendi í Hofsárdal bera almennt mikil merki um mannleg umsvif og nýtingu. Þar eru tún og önnur ræktun, vegarslóðir og uppblástur. Á láglendi eru þó bæði votlendi og birkiskógur sem líklega eiga sér langa sögu á svæðinu.

Gróðurlendi hafa ekki mikið samfellugildi í tíma ef frá eru talin votlendi og náttúrulegir skógar.

Gróðurlendin í Hofsárdalshlíðum sunnan megin eru hluti af stærri heild sem eru gróðurlendi sunnan Hofsár og inn af Hraunfellsdal. Mýrasund teygja sig frá heiðinni niður í hlíðina, t.d. meðfram Sauðá, og er þar tenging við votlendi Tunguheiðar. Einnig eru tengingar við heiðargróðurinn við Fríðá og móabrekkur hlíðarinnar tengjast oft mólendi neðar í dalnum.

Hlíðar dalsins tengjast stórum heiðalöndum sunnan Hofsárdals þ.e. Tunguheiði, Vatnaflóa og Jökuldalsheiði. Þar hefur fuglalíf væntanlega að mestu dafnað fjarri afskiptum manna. Svæðið sunnan Hofsárdals er að mestu án allra mannvirkja alveg suður

að hringvegi um Jökuldalsheiði og Jökuldal og er því samfelld heild og fellur undir skilgreiningu á víðerni (Lög um náttúruvernd nr. 44/1999). Þessi heild er þó samsett af mismunandi landslagseiningum sem eru mistengdar og misstórar heildir þ.e. heiðalönd, oft votlendum, fjalllendi og stök fjöll. Nyrst eru hlíðar Hofsárdals, síðan fjallkollarnir Bruni, Fríðufell og Tungukollur og sunnar Tunguheiðin og svo koll af kolli fjallshryggir og heiðalönd.

Undirlendið austan Steinvarartungu er nokkuð vel afmarkað af fjöllum en tengist láglendinu austar. Ætla má að fuglalíf á láglendi beri merki þess að hafa mótast af sambýli við búskap og umferð manna.

Lífríki Hofsár er að mestu óspillt og hefur mikið samfellugildi.

Vegur um votlendi myndi skerða samfellugildi þeirra eitthvað en ekki er þó mikið um stór votlendi á þessari leið. Vegur um hlíðar Hofsárdals að austan fer inn á jaðar þess stóra óraskaða svæðis sem nú er austan Hofsár, innan við Tungukoll og minnkar það nokkuð og skerðir samfellugildi þess.

Lífskilyrði

Fuglar búa við góð lífskilyrði á þessu svæði og hreindýr eiga nokkuð undir beit á svæðinu og í nálægum heiðum þar sem fléttur eru algengar. Erfitt er þó að fullyrða að svæðið skipti sköpum fyrir nokkra fuglategund eða hreindýr en það er klárlega mikilvægt fyrir afkomu heiðagæsa a.m.k. svæðisbundið þar sem fæða og varp vega hæst (fellistaðir geldgæsa eru ekki þekktir í næsta nágrenni). Á Hofsárdalsleið fundust 6 fuglategundir sem eru á válista. Það eru straumönd, gulönd, hrafn, fálki, grágæs og brandugla. Einnig eru vissir staðir mikilvægir fyrir fálka.

Ein plöntutegund, bjöllulilja, sem er fremur sjaldgæfa á landsvísu fannst á 2 stöðum innarlega í Hofsárdal við vettvangsathuganir 2003. Bjöllulilja hefur fundist víðar í Vopnafirði og á nokkrum stöðum á Norðaustur- og Norðurlandi. Hún er ekki friðlýst eða á válista. Hofsá og dalurinn eru í tillögu að Náttúruverndaráætlun frá 2004 – 2008 (Umhverfisstofnun 2003b) og var það einkum byggt á tillögum Veiðimálstofnunar um mikilvæg vatnakerfi. Veiðimálstofnun benti á 24 mikilvæg vatnakerfi á landinu og byggðist það á mati á lífauðgi vatnakerfanna og stöðu stofna vatnafiska (Umhverfisstofnun 2003a). Svæðið varð þó ekki fyrir valinu í því úrvali svæða sem umhverfisráðherra gerði og lagði fram á Alþingi og samþykkt var að friðlýsa. Hofsáin er klárlega lífauðug og mikilvæg fyrir lax.

Vegagerð um innsta hluta dalshlíðanna myndi opna nýjar veiðilendur og auka aðgengi að varpi. Það gæti leitt til lélegri lífskilyrða fyrir fugla t.d. heiðagæsir. Vegagerð um Hofsárdal gæti hugsanlega haft áhrif á fuglategundir á válista, hún gæti truflað fálka og haft áhrif á búsvæði straumandar, gulandar og grágæsar.Vegagerðin myndi raka vaxtarstað bjöllulilju en þó ekki slipta sköpum fyrir afkomu tegundarinnar í Vopnafirði. Vegagerð við og yfir Hofsá getur skaðað lífsskilyrði vatnalífríkis í ánni beint og fuglalíf óbeint.

Lokaorð

Gróðurfar er fjölbreytt á öllum veglínum og þær liggja um fagurt og fjölbreytt landslag. Verndargildi Hofsárdals felst einkum í lífríki Hofsár, nokkuð fjölbreyttu fuglalífi og því að dalshlíðar og heiðalönd vestast á leiðinni eru hluti af stóru svæði sem hefur notið þess

að vera frekar óaðgengilegt og þar er m.a. heiðagæsavarp. Vegagerð um Hofsárdalsleið myndi opna ný svæði og gengið er út frá að vegagerðin gæti haft áhrif á lífríki árinnar og verðmæti hennar sem laxveiðiár. Verndargildi Vesturárdals felst einkum í miklum votlendum og vel grónum svæðum bæði á heiðum og í dalshlíðum, lífríki árinnar og einnig staðbundnum fuglasvæðum t.d. heiðagæsavarpi í inndölum. Vegagerð um Vesturárdal myndi skerða votlendi og bæta aðgengi að t.d. heiðalöndum. Ekki er reiknað með að vegagerð hafi áhrif á lífríki Vesturár eða leirur við botn Skógalóns.

Heimildir

Agnar Ingólfsson og Guðmundur Víðir Helgason 1982. *Athuganir á Lífríki Skógarlóns við Vonafjörð*. Líffræðistofnun Háskólans. Fjölrit nr. **16**. Reykjavík.

Ármann Halldórsson (ritstj.) 1974. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. I bindi. Búnaðarsamband Austurlands . Egilsstaðir.

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs 2004. *Útivist á Vopnafirði og Út Héraði*. Gönguleiðir á Austurlandi **V**.

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs 2004. *Útivist í Jökuldalsheiðinni*. Gönguleiðir á Austurlandi **VII**.

Guðmundur Guðjónsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. *Gróður, fuglar og verndargildi náttúruminja á fjórum hálendissvæðum. Áfangaskýrsla*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.

Guðrún Á. Jónsdóttir, Skarphéðinn Þórisson og Kristín Ágústdóttir 2003. Hólmanes og Hólmaháls - lífríki og verndargildi svæðisins. Náttúrustofa Austurlands, Neskaupstað. Skýrsla **NA-030054**.

Guðrún Á. Jónsdóttir 2001. *Mat á verndargildi landslagsheilda í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði vegna mats á umhverfisáhrifum jarðganga*. Náttúrustofa Austurlands, Neskaupstað. Skýrsla **NA 34**.

Guðrún Á. Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 1999. *Greinargerð um gróðurfar á vegarstæði frá Ytri Hlíðarhvammi að Merkigróf í Selárdal*. Náttúrustofa Austurlands Neskaupstað. Skýrsla **NA 15**.

Hafdís Eygló Jónsdóttir Óbirt. Greinargerð Vegagerðarinnar um jarðfræði vegna vegagerðar í Vonafirði.

Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1999. *Fuglar á veglínum frá Brunahvammshálsi að Hárekssstaðaleið*. Náttúrustofa Austurlands. Skýrsla **NA 17b**.

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra **II**. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Landmælingar Íslands 2003. *Atlaskort 1:100.000*. Kortadiskur **2**.

Loftmyndir ehf. 2000. Myndkort og landlíkan af athugunasvæðum. Gögn í eigu Vegagerðarinnar

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999044.html

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64 /1994 http://www.althingi.is/lagas/nuna/1994064.html

Náttúrufræðistofnun Íslands 2004. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna. Gögn frá 2004. Óbirt

Náttúrufræðistofnun Íslands 2002. Gróðurlykill

Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2. Fuglar*. Reykjavík 2000.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík.

Reglugerð nr. 456/1994. Reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum. http:// www.reglugerd.is

Sigmundur Einarsson (ritstj.), Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson 2000. *Náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla*. Unnið fyrir Orkustofnun og Landsvirkjun. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.

Sigurjón Friðriksson 1974. Vopnafjörður, sveitarlýsing. **Í:** *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. I bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands . Egilsstaðir.

Skarphéðinn G. Þórisson og Inga Dagmar Karlsdóttir 2001. *Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á íslenska hreindýrastofninn*. Náttúrustofa Austurlands. **Skýrsla NA 36.**

Umhverfisstofnun 2003a. *Náttúruverndaráætlun 2004 –2008*. Tillögur fagstofnanna og sveitarfélaga. *Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingur*.
http://www.ust.is/Natturuvernd/Natturuverndaraaetlun. Skoðað í desember 2004

Umhverfisstofnun 2003b. *Náttúruvandaráætlun 2004 –2008* Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingur á Austurlandi.
http://www.ust.is/Natturuvernd/Natturuverndaraaetlun. Skoðað í desember 2004

Vegagerðin 2003. Veglínur og stöðvarnúmer. Tölvutæk gögn á CAD formi

Veiðimálastofnun 2005. Veiðitölur frá 1998 – 2004. http://www.veidimal.is. Skoðað í janúar 2005.

Veiðimálstofnun óbirt. Athugasemdir sendar Vegagerðinni vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum vegagerðar um Vopnafjörð.

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.2003. *Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar*. http://www.landvernd.is/natturuafl/index.html. Skoðað í janúar 2005.

Þorsteinn Sæmundsson 1995: *Deglaciation and shoreline displacement in Vopnafjörður, northeastern Iceland*. Lundqua thesis **33**.

Heimildarmenn

Anton Gunnarsson, Deildarfelli í Vopnafirði.

Grétar Jónsson, Einarsstöðum í Vopnafirði.

Ólafur K. Nielsen fuglafræðingur, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Vigfús H. Jónsson frá Vopnafirði búsettur í Fellabæ.

VIÐAUKI I – Tegundalistar plantna

1. tegundalisti: Vesturárdalsleið frá Kinnarlandi að Hauksstöðum

Tegundir háplantna fundnar á og við Vesturárdalsleið frá Kinnarlandi að Hauksstöðum sumarið 2003 (Nafngiftir: Hörður Kristinsson 1986).

Íslenskt nafn	**Latneskt nafn**
Vallhumall	*Achillea millefolium*
Hálíngresi	*Agrostis capillaris*
Skriðlíngresi	*Agrostis stolonifera*
Títulíngresi	*Agrostis vienalis*
Ljónslappi	*Alchemilla alpina*
Maríustakkur	*Alchemilla vulgaris*
Ilmreyr	*Anthoxanthum odoratum*
Skeggsandi	*Arenaria norvegica*
Geldingahnappur	*Armeria maritima*
Smjörgras	*Bartsia alpina*
Fjalldrapi	*Betula nana*
Kornsúra	*Bistorta vivipara*
Tungljurt	*Botrychium lunaria*
Hálmgresi	*Calamagrostis stricta*
Beitilyng	*Calluna vulgaris*
Hrafnaklukka	*Cardamine nymanii*
Melablóm	*Cardaminopsis petraea*
Sótstör	*Carex atrata*
Stinnastör	*Carex bigelowii*
Hnappstör	*Carex capitata*
Vetrarkvíðastör	*Carex chordorrhiza*
Dvergstör	*Carex glacialis*
Rjúpustör	*Carex lachenallii*
Mýrastör	*Carex nigra*
Fjallastör	*Carex norvegica*
Hengistör	*Carex rariflora*
Tjarnastör	*Carex rostrata*
Móastör	*Carex rupestris*
Hrafnastör	*Carex saxatilis*
Mosalyng	*Cassiope hypnoides*
Músareyra	*Cerastium alpinum*
Lækjafræhyrna	*Cerastium cerastoides*
Vegarfi	*Cerastium fontanum*
Barnarót	*Coeloglossum viride*
Fjallapuntur	*Deschampsia alpina*
Snarrótarpuntur	*Deschampsia caespitosa*
Bugðupuntur	*Deschampsia flexuosa*
Grávorblóm	*Draba incana*
Holtasóley	*Dryas octopetala*
Krækilyng	*Empetrum nigrum*
Lindadúnurt	*Epilobium alsinifolium*
Fjalladúnurt	*Epilobium anagallidifolium*

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Klóelfting	*Equisetum arvense*
Mýrelfting	*Equisetum palustre*
Beitieski	*Equisetum variegatum*
Jakobsfífill	*Erigeron borealis*
Klófífa	*Eriophorum angustifolium*
Hrafnafífa	*Eriophorum scheuchzeri*
Túnvingull	*Festuca richardsonii*
Blávingull	*Festuca vivipara*
Hvítmaðra	*Galium normanii*
Dýragras	*Gentiana nivalis*
Blágresi	*Geranium sylvaticum*
Undafífill	*Hieracium spp*
Reyrgresi	*Hierochloe odorata*
Mýrasef	*Juncus alpinus*
Hrossanál	*Juncus arcticus*
Flagasef	*Juncus biglumis*
Dökkasef	*Juncus castaneus*
Þráðsef	*Juncus filiformis*
Móasef	*Juncus trifidus*
Blómsef	*Juncus triglumis*
Þursaskegg	*Kobresia myosuroides*
Naflagras	*Koenigia islandica*
Sauðamergur	*Loiseleuria procumbens*
Vallhæra	*Luzula multiflora*
Axhæra	*Luzula spicata*
Ljósberi	*Lychnis alpina*
Horblaðka	*Menyanthes trifoliata*
Grámulla	*Omalotheca supina*
Ólafssúra	*Oxyria digyna*
Mýrasóley	*Parnassia palustris*
Tröllastakkur	*Pedicularis flammea*
Fjallafoxgras	*Phleum alpinum*
Lyfjagras	*Pinguicula vulgaris*
Friggjargras	*Platanthera hyperborea*
Fjallasveifgras	*Poa alpina*
Varpasveifgras	*Poa annua*
Blásveifgras	*Poa glauca*
Vallarsveifgras	*Poa pratensis*
Gullmura	*Potentilla crantzii*
Engjarós	*Potentilla palustris*
Klukkublóm	*Pyrola minor*
Brennisóley	*Ranunculus acris*
Burnirót	*Rhodiola rosea*
Túnsúra	*Rumex acetosa*
Langkrækill	*Sagina saginoides*
Grávíðir	*Salix callicarpea*
Grasvíðir	*Salix herbacea*
Loðvíðir	*Salix lanata*
Gulvíðir	*Salix phylicifolia*
Þúfusteinbrjótur	*Saxifraga caespitosa*

Íslenskt nafn	**Latneskt nafn**
Gullbrá	*Saxifraga hirculus*
Stjörnusteinbrjótur	*Saxifraga stellaris*
Flagahnoðri	*Sedum villosum*
Mosajafni	*Selaginella selaginoides*
Fjallasmári	*Sibbaldia procumbens*
Lambagras	*Silene acaulis*
Holurt	*Silene uniflora*
Túnfífill	*Taraxacum spp.*
Brjóstagras	*Thalictrum alpinum*
Blóðberg	*Thymus praecox*
Sýkigras	*Tofieldia pusilla*
Mýrasauðlaukur	*Triglochin palustre*
Lógresi	*Trisetum spicatum*
Aðalbláberjalyng	*Vaccinium myrtillus*
Bláberjalyng	*Vaccinium uliginosum*
Fjalladepla	*Veronica alpina*
Steindepla	*Veronica fruticans*
Mýrfjóla	*Viola palustris*
Týsfjóla	*Viola canina*
Maríuvöndur	*Gentianella campestris*
Lokasjóður	*Rhinanthus minor*
Marívendlingur	*Gentianella tenella*

2. tegundalisti: Vesturárdalsleið frá Hauksstöðum að Vopnafjarðarbæ

Tegundir háplantna fundnar á og við Vesturárdalsleið frá Hauksstöðum að Vopnafjarðarbæ 2004 (Nafngiftir: Hörður Kristinsson 1986).

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Augnfró	*Euphrasia frigida*
Axhæra	*Luzula spicata*
Baldursbrá	*Matricaria maritima*
Barnarót	*Coeloglossum viride*
Beitieski	*Equisetum variegatum*
Beitilyng	*Calluna vulgaris*
Bláberjalyng	*Vaccinium uliginosum*
Bláklukka	*Campanula rotundifolia*
Blásveifgras	*Poa glauca*
Blávingull	*Festuca vivipara*
Blóðberg	*Thymus praecox*
Blómsef	*Juncus triglumis*
Brennisóley	*Ranunculus acris*
Brjóstagras	*Thalictrum alpinum*
Broddstör	*Carex microglochin*
Bugðupuntur	*Deschampsia flexuosa*
Dökkasef	*Juncus castaneus*
Engjarós	*Potentilla palustris*
Fergin	*Equisetum fluviatile*
Fjallapuntur	*Deschampsia alpina*
Fjallasmári	*Sibbaldia procumbens*
Fjallastör	*Carex norvegica*
Fjallasveifgras	*Poa alpina*
Fjalldrapi	*Betula nana*
Flagahnoðri	*Sedum villosum*
Flagasef	*Juncus biglumis*
Flóastör	*Carex l imosa*
Friggjargras	*Platanthera hyperborea*
Geldingahnappur	*Armeria maritima*
Grasvíðir	*Salix herbacea*
Grávíðir	*Salix callicarpea*
Grávorblóm	*Draba incana*
Grænvöndur	*Gentianella amarella*
Gullbrá	*Saxifraga hirculus*
Gullmura	*Potentilla crantzii*
Gullsteinbrjótur	*Saxifraga aizoides*
Gulmaðra	*Galium verum*
Gulstör	*Carex lyngbyei*
Gulvíðir	*Salix phylicifolia*
Hálmgresi	*Calamagrostis stricta*
Hárleggjastör	*Carex capillaris*
Heiðadúnurt	*Epilobium hornemanni*
Hengistör	*Carex rariflora*
Hnappstör	*Carex capitata*

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Hnúskakrækill	*Sagina nodosa*
Holtasóley	*Dryas octopetala*
Horblaðka	*Menyanthes trifoliata*
Hrafnaklukka	*Cardamine nymanii*
Hrafnastör	*Carex saxatilis*
Hrossanál	*Juncus arcticus*
Hvítmaðra	*Galium normanii*
Ilmreyr	*Anthoxanthum odoratum*
Jakobsfífill	*Erigeron borealis*
Kattartunga	*Plantago maritima*
Klóelfting	*Equisetum arvense*
Klófífa	*Eriophorum angustifolium*
Kornsúra	*Bistorta vivipara*
Krækilyng	*Empetrum nigrum*
Lambagras	*Silene acaulis*
Langkrækill	*Sagina saginoides*
Lindadúnurt	*Epilobium alsinifolium*
Ljónslappi	*Alchemilla alpina*
Loðvíðir	*Salix lanata*
Lokasjóður	*Rhinanthus minor*
Lógresi	*Trisetum spicatum*
Maríuvöttur	*Alchemilla faeroensis*
Mosajafni	*Selaginella selaginoides*
Móasef	*Juncus trifidus*
Móastör	*Carex rupestris*
Músareyra	*Cerastium alpinum*
Mýradúnurt	*Epilobium palustre*
Mýrasauðlaukur	*Triglochin palustre*
Mýrasef	*Juncus alpinus*
Mýrasóley	*Parnassia palustris*
Mýrastör	*Carex nigra*
Mýrelfting	*Equisetum palustre*
Mýrfjóla	*Viola palustris*
Naflagras	*Koenigia islandica*
Njóli	*Rumex longifolius*
Reyrgresi	*Hierochloe odorata*
Sauðamergur	*Loiseleuria procumbens*
Sérbýlisstör	*Carex dioica*
Skarifífill	*Leontodon autumnalis*
Skriðlíngresi	*Agrostis stolonifera*
Smjörgras	*Bartsia alpina*
Snarrótarpuntur	*Deschampsia caespitosa*
Stinnastör	*Carex bigelowii*
Stjörnusteinbrjótur	*Saxifraga stellaris*
Sýkigras	*Tofieldia pusilla*
Títulíngresi	*Agrostis vienalis*
Tjarnastör	*Carex rostrata*
Trefjasóley	*Ranunculus hyperboreus*
Túnfífill	*Taraxacum spp.*
Túnsúra	*Rumex acetosa*

Íslenskt nafn	**Latneskt nafn**
Túnvingull	*Festuca richardsonii*
Undafífill	*Hieracium spp*
Vallarsveifgras	*Poa pratensis*
Vallelfting	*Equisetum pratense*
Vallhumall	*Achillea millefolium*
Vallhæra	*Luzula multiflora*
Varpasveifgras	*Poa annua*
Vegarfi	*Cerastium fontanum*
Vetrarkvíðastör	*Carex chordorrhiza*
Þursaskegg	*Kobresia myosuroides*

3. tegundalisti: Hofsárdalsleið frá Kinnarlandi að Einarsstöðum

Tegundir háplantna fundnar á og við Hofsárdalsleið frá Kinnarlandi að Einarsstöðum 2003 (Nafngiftir: Hörður Kristinsson 1986).

Íslenskt nafn	**Latneskt nafn**
Aðalbláberjalyng	*Vaccinium myrtillus*
Axhæra	*Luzula spicata*
Barnarót	*Coeloglossum viride*
Beitieski	*Equisetum variegatum*
Beitilyng	*Calluna vulgaris*
Birki	*Betula pubescens*
Bjöllulilja	*Pyrola grandiflora*
Bjúgstör	*Carex maritima*
Bláberjalyng	*Vaccinium uliginosum*
Blágresi	*Geranium sylvaticum*
Blákolla	*Prunella vulgaris*
Blásveifgras	*Poa glauca*
Blávingull	*Festuca vivipara*
Blóðberg	*Thymus praecox*
Blómsef	*Juncus triglumis*
Brennisóley	*Ranunculus acris*
Brjóstagras	*Thalictrum alpinum*
Broddstör	*Carex microglochin*
Brönugrös	*Dactylorhiza maculata*
Bugðupuntur	*Deschampsia flexuosa*
Dvergstör	*Carex glacialis*
Dýragras	*Gentiana nivalis*
Engjarós	*Potentilla palustris*
Eyrarrós	*Epilobium latifolium*
Fjalladepla	*Veronica alpina*
Fjallafoxgras	*Phleum alpinum*
Fjallapuntur	*Deschampsia alpina*
Fjallasmári	*Sibbaldia procumbens*
Fjallasveifgras	*Poa alpina*
Fjalldrapi	*Betula nana*
Flagahnoðri	*Sedum villosum*
Friggjargras	*Platanthera hyperborea*
Geldingahnappur	*Armeria maritima*
Grámulla	*Omalotheca supina*
Grasvíðir	*Salix herbacea*
Grávíðir	*Salix callicarpea*
Grávorblóm	*Draba incana*
Gullbrá	*Saxifraga hirculus*
Gullmura	*Potentilla crantzii*
Gulmaðra	*Galium verum*
Gulvíðir	*Salix phylicifolia*
Hálíngresi	*Agrostis capillaris*
Hálmgresi	*Calamagrostis stricta*
Hárleggjastör	*Carex capillaris*

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Haugarfi	*Stellaria media*
Heiðadúnurt	*Epilobium hornemanni*
Hengistör	*Carex rariflora*
Hnappstör	*Carex capitata*
Holtasóley	*Dryas octopetala*
Holurt	*Silene uniflora*
Hrafnafífa	*Eriophorum scheuchzeri*
Hrafnaklukka	*Cardamine nymanii*
Hrossanál	*Juncus arcticus*
Hvítmaðra	*Galium normanii*
Ilmreyr	*Anthoxanthum odoratum*
Jakobsfífill	*Erigeron borealis*
Klóelfting	*Equisetum arvense*
Klófífa	*Eriophorum angustifolium*
Klukkublóm	*Pyrola minor*
Kornsúra	*Bistorta vivipara*
Krækilyng	*Empetrum nigrum*
Lækjafræhyrna	*Cerastium cerastoides*
Lambagras	*Silene acaulis*
Langkrækill	*Sagina saginoides*
Lindadúnurt	*Epilobium alsinifolium*
Ljónslappi	*Alchemilla alpina*
Ljósberi	*Lychnis alpina*
Loðvíðir	*Salix lanata*
Lógresi	*Trisetum spicatum*
Lokasjóður	*Rhinanthus minor*
Lyfjagras	*Pinguicula vulgaris*
Maríustakkur	*Alchemilla vulgaris*
Melablóm	*Cardaminopsis petraea*
Móanóra	*Minuartia stricta*
Móasef	*Juncus trifidus*
Móastör	*Carex rupestris*
Mosajafni	*Selaginella selaginoides*
Mosasteinbrjótur	*Saxifraga hypnoides*
Músareyra	*Cerastium alpinum*
Mýrasauðlaukur	*Triglochin palustre*
Mýrasóley	*Parnassia palustris*
Mýrastör	*Carex nigra*
Mýrelfting	*Equisetum palustre*
Mýrfjóla	*Viola palustris*
Naflagras	*Koenigia islandica*
Ólafssúra	*Oxyria digyna*
